



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Júgóslavía

Tilurð og endalok júgóslavneska ríkisins

Branislava Ristic

Febrúar 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Júgóslavía
Tilurð og endalok júgóslavneska ríkisins

Branislava Ristic

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2019

Júgóslavía

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Branislava Ristic, 2019
kt. 101092-3999

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Í ritgerð þessari verður farið yfir sögu Júgóslavíu, bæði stofnun ríkisins og uppbrot þess. Stofnun Júgóslavnesks ríkis var hugmynd Suður-Slava sem náði hápunkti á níttjándu öld. Serbía var í forystuhlutverki við myndun þessa nýja ríkis og varð stofnunin að veruleika eftir fall Tyrkjaveldis og keisaradæmis Austurríki-Ungverjalands þegar Konungsríki Serba, Króata og Slóvena var stofnað árið 1918. Hins vegar brotnaði ríkið upp í seinni heimsstyrjöld árið 1941. Annað tækifæri fékkst til að mynda nýtt slavneskt ríki undir forystu kommúnistaflokks Júgóslavíu og Josip Broz Titos árið 1945. Sofnað var Sósíalískt sambandslýðveldi Júgóslavíu sem samanstóð af sex sambandslýðveldum og einnig tveimur sjálfstjórnarhéruðum. Ríkið stóð á meðan Tito var við völd þó þjóðernishyggja hafi verið ríkjandi, sérstaklega hjá Serbum og Króötum, en ekki síður Albönum og múslímum, sem Tito náði stjórn á. Eftir dauða Titos var erfitt að halda uppi gömlu Júgóslavíu, sem leiddi til þess að ríkið brotnaði upp, stríð byrjaði og ný ríki mynduðust í kjölfarið.

Markmið þessarar ritgerðar er að fjalla um sögu Júgóslavíu, bæði hvernig ríkið myndaðist og síðan hvernig það hrundi út frá kenningum um þjóð, þjóðerni, ríki, þjóðríki og þjóðernishyggju. Skoðað verður hvort mistekist hafi að sameina Suður-Slava undir eitt ríki og hvort skort hafi sameiginlegt auðkenni á meðal íbúanna. Að öðrum kosti hvort Júgóslavía hafi verið allt of flókin eining þar sem mismunandi þjóðir þjuggu og þjóðernishyggja spilaði of stórt hlutverk.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefnið mitt til BA-prófs við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 ECTS eininga af 180 eininga námi í stjórnmálafræði. Ritgerðin var unnin frá vormisseri 2017 til haustmisseris árið 2018. Leiðbeinandi minn var Stefanía Óskarsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, og þakka ég henni kærlega fyrir gott samstarf og góða leiðsögn. Án hennar hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum sem hafa veitt mér stuðning og hvatningu og höfðu trú á mér í gegnum námið.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Kenningar og hugmyndafræði	6
2.1 Þjóð, þjóðerni, ríki og þjóðríki.....	6
2.2 Þjóðernishyggja (e. nationalism)	7
2.3 Mismunandi stefnur í þjóðernisrannsóknum	8
2.4 Nýrri skýringarhefðir á þjóðernishugtakinu.....	10
2.5 <i>Samantekt</i>	12
3 Bakgrunnur myndunar Júgóslavíu	13
3.1 Austrómverska keisaradæmið og Tyrkjaveldi.....	13
3.2 Balkanskagastríðið, fall Tyrkjaveldis og keisaradæmið Austurríki-Ungverjaland	14
3.3 Fyrri heimsstyrjöldin	16
3.4 Myndun Konungsríkis Serba, Króata og Slóvena	17
3.5 Seinni heimsstyrjöldin.....	19
3.6 <i>Samantekt</i>	21
4 Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía	22
4.1 Stofnun Sambandslýðveldis Júgóslavíu	22
4.2 Hver var Josip Broz Tito?.....	23
4.3 Átök í Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu	25
4.4 Átök eftir fráfall Josip Broz Titos.....	28
4.5 <i>Samantekt</i>	31
5 Upplausn Sósíalíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu	32
5.1 Kosningar 1990	32
5.2 Úrsögn Slóveníu, Króatíu og Makedóníu	33
5.3 Úrsögn Bosníu-Hersegóvínu	35
5.4 Kósóvó.....	39
5.5 Staðan eftir uppbrot Júgóslavíu.....	40
5.6 <i>Samantekt</i>	41
6 Niðurstöður og lokaorð	42
Heimildaskrá	47

1 Inngangur

Hugmyndin um þjóð, þjóðerni og þjóðernishyggju eru ekki ný af nálinni en þessar hugmyndir komu sérstaklega sterkt fram á 19. og 20. öld í tengslum við pólitíska atburði (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 31).

Hugmyndin að baki þjóðernisstefnu 19. aldar fólu í sér að sameiginlegt tungumál, saga og venjur fólks réttlættu myndun nýrra þjóðríkja, en þjóðríki er gjarnan skilgreint sem fullvalda ríki þar sem íbúarnir eru flestir af sama uppruna og deila sömu tungu og menningu. Reyndin er þó sú að mörg ríki standa frammi fyrir því að íbúar þeirra séu ólíkir hvað varðar menningarlegan eða trúarlegan bakgrunn. Því getur reynt á samheldni ríkisins og spenna á milli íbúa ríkisins getur leitt til ófriðar nema fundnar séu lausnir sem tryggja áhrif allra hópa og þar með frið og réttlæti. Meðal slíkra lausna er að skapa sameiginlega sjálfsmynd á meðal íbúanna sem byggir á framtíðarsýn, eða jafnvel hugmyndafræði, og tryggir öllum íbúum möguleika á að hafa áhrif á stjórn ríkisins (Sekulic o.fl. 1994, 83-84).

Tuttugasta öldin geymir mörg dæmi um ófrið sem brotist hefur út innan ríkja vegna skorts á samkomulagi á milli hópa og skorts á virðingu fyrir rétti þeirra. Júgóslavía er mikilvægt dæmi um slíka þróun.

Í ritgerð þessari verður farið yfir sögu Júgóslavíu. Greint verður frá tilurð ríkisins á 19. öld og uppbroti þess undir lok 20. aldar. Á 19. öld ruddu sér til rúms hugmyndir um þjóðríki, þ.e.a.s. ríki íbúa sem deildu sameiginlegum þjóðernisarfí. Slík þjóðernisstefna var að einhverju leyti drifkrafturinn fyrir myndun sameiginlegs ríkis Suður-Slava á Balkanskaga. Hér verður einnig fjallað um hvort að uppbrot Júgóslavíu megi rekja til þess að það mistókst að skapa sameiginlega sjálfsmynd meðal íbúanna sem sögulega höfðu tilheyrt ólíkum ríkjum og tileinkað sér mismunandi trúarbrögð þótt uppruni þeirra sem Suður-Slava hafi verið sameiginlegur.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um kenningar og hugmyndafræði þar sem hugtökin þjóð, þjóðerni, ríki, þjóðríki og þjóðernishyggja verða skoðuð. Farið verður yfir mismunandi kenningar þjóðernishyggjunnar svo hægt verði að máta þessar hugmyndir og kenningar til að greina viðfangsefnið.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar verður farið yfir bakgrunn myndunar Júgóslavíu og stofnunar konungsríkja Serba, Króata og Slóvena. Skoðað verður hvað leiddi til þess að Suður- Slavar ákváðu að stofna sameiginlegt ríki, hvað leiddi til þess að þjóðernissinnuðum hugmyndum óx fiskur um hrygg og hvernig ríkið brotnaði upp í seinni heimsstyrjöldinni.

Í fjórða kafla verður farið yfir stofnun á nýja Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu sem var undir forystu Josip Broz Titos og kommúnistaflokksins. Fjallað verður um hver Tito var, hvernig honum tókst að halda ríkinu saman þrátt fyrir sífelld átök og hvernig ríkið fór hægt og bítandi að leysast upp eftir dauða hans.

Í fimmta kafla verður farið yfir upplausn á Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu, deilur á milli þjóðanna sem leiddu til borgarastyrjöld og hvernig ný ríki mynduðust í kjölfarið.

Í sjötta kafla verður niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman með tilliti til kenninga og hugmyndafræði úr öðrum kafla.

Ritgerð þessi er heimildaritgerð og að mestu unnin með hliðsjón af fræðilegum bókum og greinum úr fræðilegum tímaritum. Að auki var notast við aðrar netheimildir. Chicago heimildakerfið verður notað með svigakerfi.

2 Kenningar og hugmyndafræði

Í þessum kafla ritgerðarinnar verða nokkur mismunandi hugtök skilgreind: þjóð (e. nation), þjóðerni (e. nationality), ríki (e. state), þjóðríki (e. nation-state) og þjóðernishyggja/stefna (e. nationalism). Skoðað verður hvort og hvernig hugmyndir eins og þessar geti sameinað fólk, en einnig hvernig þau geta ýtt undir átök í samfélögum þar sem mismunandi þjóðernishópar búa saman. Mismunandi þjóðir, oftast með ólíkan bakgrunn, hafa oft á tíðum átt erfitt með að blandast saman. Fjallað verður um hvert hugtak fyrir sig svo hægt sé að beita þeim til að greina viðfangsefnið.

2.1 Þjóð, þjóðerni, ríki og þjóðríki

Segja má að hugtakið þjóð (e. nation) sé eitt af mestu notuðu og umdeildustu hugtökum í stjórnmálafræði og fleirum fræðigreinum. Þó svo sé er oft erfitt að skilgreina hvað þjóð feli í raun og veru í sér og er mjög mismunandi eftir því hver það notar og á hvaða tíma það er notað (Karolewski 2011, 15). Þegar hugtökin þjóð og þjóðerni eru skoðuð kemur oft í ljós litrík og þversagnakennd mynd. Það fyrsta sem kemur upp þegar hugtakið er til umræðu er að þjóð feli í sér hóp einstaklinga sem skilgreina sig sem eina heild sem deilir sameiginlegum einkennum, s.s. tungumáli og menningu. Þess vegna felur hugtakið þjóð í sér aðgreininguna „við“ og „hinir“ (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 29). Þegar fjallað er um hugtakið þjóð út frá fræðilegu sjónarmiði má greina skiptar skoðanir á því hvort að „þjóðin“ hafi verið alltaf til eða hvort að hún er tilbúningur. Segja má að þjóð sé a.m.k. einhverskonar samfélag manna. Margar þjóðir sem við þekkjum í dag mynduðust með að sameina fólk af fjölbreyttum kynþáttum og ættflokkum (Stalin 1994, 18).

Það má segja að þjóðernishugsunin eigi oft uppruna sinn í persónulegum tengslum einstaklinganna. Þar af leiðandi kemur ekki á óvart að einstaklingar sömu þjóðar tali stundum um samlanda sína sem systur og bræður. Hver þjóð á sér sína eigin sögu og sérkenni sem að greina hana frá öðrum þjóðum (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 29-31).

Þegar talað er um ríki er oft vísað til skilgreiningar Max Webers á ríki, en samkvæmt skilgreiningunni hefur ríki einokunarrétt á lögmætri valdbeitingu (Gellner 2006, 3). Megineinkenni ríkis er að það er stofnun sem setur almenningi innan ákveðins landsvæðis reglur og framfylgir þeim. Hlutverk ríkis er m.a. að safna sköttum, reka skóla, byggja vegakerfi og fleira (Newton og Deth 2010, 19). Uppruni nútímaríkis er miðaður við lok

miðalda en nútímaríkið þóaðist yfir hundruði ára. Ríki urðu til á mismunandi vegu en ríki í núverandi skilgreiningu urðu til með Vestfalíu-samningunum árið 1648 þar sem viðurkenndur var fullveldisréttur ríkja eftir lok á 40 ára stríði í Evrópu (Newton og Deth 2010, 23). Ríki hefur bæði innlent fullveldi, þar sem það stjórnar sér sjálft innan sinna landamæra, og alþjóðlegt fullveldi, þar sem það verður fullvalda þegar önnur ríki viðurkenna ríkið og þar með að þau munu ekki skipta sér af innanlandsmálum þess.

Þjóðríki telst vera ríki þar sem fólk með svipaðan menningarlegan bakgrunn, svo sem tungu og sögu, er undir sömu lögum og yfirstjórn. Þjóðríki er frábrugðið ríkjum fyrri tíma sem voru oft á tíðum menningarlega mjög fjölbreytt en sjálfstjórn héraða var mikil því stjórnkerfi ríkisins var veikt. Kjarninn í þjóðernishyggju er sá að þjóðin eigi að hafa sitt eigið ríki og stjórna sér sjálf. Þessi hugmynd hjálpaði til við að styrkja samheldni íbúanna og lögmæti stjórnvalda. Sums staðar olli hún sundrung og jafnvel upplausn ríkisins því staðreyndin var sú að innan ríkja Evrópu bjuggu ólíkir hópar og þjóðir. Átök milli þjóða og menningarhópa innan ríkja leiddu því sums staðar til stofnunar nýrra þjóðríkja því aukið miðstjórnarvald ríkisins og nútímavæðing á 19. og 20. öld þrengdi að menningarlegu sjálfstæði ólíkra hópa (Stefanía Óskarsdóttir 2011, 55-56).

2.2 Þjóðernishyggja (e. nationalism)

Segja má að þjóðernishyggja megi teljast ein áhrifamesta hugmyndafræði, þar sem hún bæði stuðlar að samstöðu og átökum á milli þjóða. Að trúarbrögðum frátöldum telst þjóðernishyggja vera aðaluppspretta pólitísku ofbeldis í gegnum tíðina þar sem hún getur verið bæði afl sameiningar og sundrunar (Gunnar Helgi Kristinsson 2006, 18).

Þjóðernishyggja á grundvelli þjóðernis á sér langa sögu. Hana má rekja til 5. aldar f. Kr. þegar Forngríkkir áttu í stríði við Persa. Segja má að þjóðernishyggja í nútímaskilningi hafi orðið til þegar borgaralegir stjórnarhættir og markaðshagkerfi varð til (Atli Harðarson 2006, 3). Þjóðernishyggja sem hugmyndafræði varð til í Norður-Ameríku og Norður-Evrópu undir lok 18. aldar. Talið er að hún hafi átt rætur að rekja til sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna árið 1776 og til frönsku byltingarinnar sem var árið 1789 (Hutchinson og Anthony 1994, 5). Þjóðerniskenndin sem mótaðist á þessum tíma var óháð trúarbrögðum og hún náði nú til verulegs hluta þjóðarinnar. Þjóðin átti að stjórna sér sjálf í sínu eigin fullvalda ríki og á 19. og 20. öld mótaði þjóðernishyggja svo stjórnsmál í öllum heiminum

(Atli Harðarson 2006, 3). Hins vegar viðurkennir ekki öll þjóðernishyggja að sérhver þjóð eigi rétt til þjóðríkistofnunar (Gunnar Helgi Kristinsson 2006, 19).

Á 18. öld voru hugmyndir um sjálfstæði ríkja og fullveldi útbreiddar í Evrópu. Á þessum tíma vildu menn að almenningur færi með æðsta vald í hverju ríki, þar sem miðstjórnarvald ríkisins var að styrkjast á sama tíma og gerðar voru meiri kröfur til íbúanna og jafnframt stjórnvalda. Grundvöllur ríkisvaldsins breyttist og þjóðernishyggja kom inn í þessa þróun. Hugmyndin var sú að hver þjóð ætti að stjórna sér sjálf. Þegar menn fóru að gera sér ráð fyrir því að almenningur í hverju ríki átti að mynda eigin fullvalda þjóð fóru menn að velta fyrir sér hvernig haga ætti framkvæmdinni. Sem dæmi um þetta þá vöknudu spurningar um hvort Norðurlöndin skildu mynda eitt ríki eða að vera áfram aðskilin. Sama umræða átti við um Skota og Íra, og fleiri. Spurningar sem þessar kveiktu eldmóð hjá fræðimönnum, og þeim yrði að svara (Atli Harðarson 2006, 4). Upp úr þessum farvegi spruttu mismunandi stefnur og straumar í þjóðernisrannsóknum.

2.3 Mismunandi stefnur í þjóðernisrannsóknum

Ernest Renan, franskur málvísindamaður og trúarbragðafræðingur, hélt fyrirlestur fyrir rúmri öld síðan um þjóðernishugtakið. Hann velti fyrir sér hvort þættir sem oft ákvarða þjóðerni manna, svo sem kynþáttur, tungumál, trú o.s.frv., nægi til að greina þjóðerni. Hann komst að því að þessir þættir dygðu ekki til að greina þjóðir, heldur réðist þjóðerni af vilja einstaklinganna. Með öðrum orðum kjósa einstaklingarnir sjálfir að tilheyra ákveðinni þjóð. Samkvæmt Renan er val fólks á þjóðerni ekki tilviljanakennt og erfitt virðist að hafa bein áhrif á skoðun fólks. Samkvæmt Renan virðist sem svo að skýringin fyrir samkennd hópsins felist í sameiginlegum minningum sem mynda þjóðina, svo sem þjóðarsögunni. Þetta telst vera ástæða þess að menn standi saman í nútímanum og hver þjóð greinist í sundur frá öðrum (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 17-18). Kenning Renans tengist hinni huglægu skilgreiningu á þjóðernishugtakinu samkvæmt sagnfræðingunum tveimur Christian Jansen og Henning Borggrafe. Þjóð telst vera samfélag fólks og byggir á sameiginlegum sjálfsskilningi meðlima þess. Til staðar þarf að vera innra samþykki milli einstaklinganna um að þeir vilji mynda eina heild, eða þjóð. Þjóðin á að vera veruleiki sem einstaklingar líta á sem sinn og sjálfsmýnd þeirra mótast af honum (Sigurjón Árni

Eyjólfsson 2014, 34-35). Út frá þessu er möguleiki fólks til að verða hluti af einhverri þjóð meiri, eða til að skipta um þjóð ef þörf krefur (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 36).

Þessum hugmyndum Renans, sem lengi voru hornsteinn þess sem nefnt hefur verið sjálfráð, pólitísk eða einstaklingsbundin-frjálslynd þjóðernishyggja/stefna, um að þjóðir væru sögulega ákvarðaðar frekar en eðlislægar var aftur á móti beint gegn öðrum hugmyndum um þjóðernishyggju sem ekki tengdust einstaklingnum sjálfum, heldur voru þær núna tengdar kynþáttahyggju og menningarlegri þjóðernisstefnu (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 18). Þessar hugmyndir eiga við hlutlægan þjóðernisskilning samkvæmt Christian Jansen og Henning Borggrafe. Nú voru þættir á borð við land, sögu, tungumál, kynþátt, trúarbrögð, blóðbönd o.s.frv. taldir vera mikilvægir. Talið var að einstaklingur kysi ekki sjálfur eigin þjóð og þjóðerni, heldur væri þjóðin sjálf örlagavaldur. Einstaklingur er bara hluti þjóðarinnar en þjóðin umlykur og mótar hann (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 37).

Þýski heimspekingurinn Johann Gottfried Herder var fyrstur til að aftengja samband stjórnmála og þjóðernis (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 37). Hann var mikill aðdáandi hugmyndarinnar um frelsi, almenna menntun og jafnrétti, og lagði mikla áherslu á tjáningarfrelsi manna. Hins vegar er hann þekktastur fyrir að leggja áherslu á að tunga og siðir hvernar þjóðar þróist í friði (Atli Harðarson 2006, 4-5). Út frá áhrifum kenninga hans spratt sú hugmynd að rétt væri að skipta fólki í eigin fullvalda þjóðríki eftir tungumálum, siðum og menningarlegum sérkennum á fyrri hluta 19. aldar. Þessa hugmynd, eins og margt annað sem frá honum kom, má sækja í heimspekikerfi Georg Hegels. Hann taldi meðal annars sjálfsagt að mannkynið skiptist í þjóðir og að tilgangurinn væri sá að hver þjóð myndi búa til sitt eigið fullvalda ríki (Atli Harðarson 2006, 5). Hugmyndir Herders fólu í sér að þjóðerni myndaðist í gegnum samspil manns og náttúru. Samkvæmt honum var tungumálið mikilvægasta forsenda þjóðernis þar sem það endurspeglar náttúrulegar aðstæður mannlegra samfélaga. Áhersla hans á tungumálið byggðist á því að tungumálið væri lykillinn að sjálfsskilningi manna, þar sem við getum einungis tjáð hugsanir okkar í orðum og það er grundvöllur samskipta manna. Samkvæmt Herder átti sérhver hópur sem hann nefndi *Volk*, eða þjóð, sér sérstakar hefðir sem mótast hafa af langri sögu hans og þannig flust frá einni kynslóð til annarrar. Þess vegna fannst honum eðlilegt að hver þjóð stjórnaði sér sjálf. Herder var ekki hrifinn af stórum ríkjum þar sem mismunandi

þjóðum og kynþáttum var safnað undir sama hatt. Hann taldi slíkt vera „brothætta vél“ sem hann nefndi ríkisvél. Þessu var til dæmis beint gegn mörgum konungsríkjum í Evrópu á 18. öld sem áttu ekki margt sameiginlegt annað en einvaldan kóng. Þó ljóst hafi verið að erfitt væri að marka landamæri þjóða eftir tungumálum þá hafa kenningar hans um þjóðmenningu og þjóðríki verið á meðal helstu forsenda þjóðernishyggjunnar í Evrópu á þessum tíma (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 18-20).

2.4 Nýrri skýringarhefðir á þjóðernishugtakinu

Á síðari hluta tuttugustu aldar héldu fræðimenn áfram að greina grundvöll og eðli þjóðernis og þjóðernishyggju. Hugmyndum þeirra má skipta í tvær skýringahefðir. Fyrri nefnd mótmodernismi og þekktasti frumkvöðull mótmodernisma er félagsmannfræðingurinn Ernest Gellner, þótt Eric Hobsbawm og Benedict Anderson hafi einnig verið nefndir. Hin síðari hefur verið nefnd frumhyggja (e. primordialism) og hefur hún oft verið kennd við enska félagsfræðinginn Anthony D. Smith (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 26-27).

Samkvæmt mótmodernisma er þjóðerni ekki ævafornt fyrirbæri heldur afurð þjóðfélagsbreytinga s.s. iðnvæðingar og lýðræðisþróunar. Með öðrum orðum felst uppruni þjóða ekki endilega í menningu og sögu þeirra, þótt rétt sé að flestar þjóðir réttlæti tilveru sína með vísan í menningu og sögu. Þeir sem aðhyllast mótmodernisma vilja meina að þegar þjóðir hafi verið myndaðar áður fyrr, hafi það oftast gerst fyrir tilstilli tilviljunar vegna þess að eðli samkenndar í þjóðfélögum á þeim tíma var allt annað en þjóðerniskennd nú á dögum (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 26). Hugmyndinni um að þjóð sé náttúrulegt fyrirbæri sem sé byggt á eðlisbundnum einkennum hafna mótmodernistar. Þeir halda því fram að um sé að ræða hugmyndafræði sem hefur verið sett fram til að móta einstaklinga í ákveðnu samfélagi þar sem þeir búa. Þessari þjóðernishugmynd er fyrst og fremst beitt svo að meirihlutinn hafi svipaða eiginleika, svo úr verði starfhæf heild. Nú er hugmyndin um þjóð og þjóðerni sett í annað samhengi. Hugmyndin er skoðuð sem samfélagslegt og menningarlegt fyrirbæri, hún á ekki að vera tilskipun stjórnvalda, heldur kemur hún úr grasrótinni og vex í samfélaginu (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 40).

Gellner, Hobsbawm og Anderson, sem fyrr voru nefndir, hafa fjallað um að svokölluð „áróðurssagnfræði“ sem hefur einkennt málflutning þjóðernissinna og sem stjórnvöld

hafi notað til að þjóna pólitískum hagsmunum sínum, sé í raun ekkert annað en söguleg lygi. Í því samhengi eru forn handrit rangtúlkuð eða jafnvel fölsuð til að sanna forna sögu, venjur og siði þjóðarinnar. Þess vegna hafna þeir sögulegum uppruna þjóða þar sem ekki er alltaf hægt að styðja sögulegan uppruna með sönnunum, og þess vegna ætti ekki að nota hann sem efnivið sem eigi við um þjóðernishugmyndir. Þeir færa rök fyrir því að þjóðfélög myndi frekar einstaklingar og hópar sem ekki er hægt að fella undir sömu skilgreiningu. Ímynduð samfélög skapi samkennd innan hópa (Sigurjón Árni Eyjólfsson 2014, 41). Þessi skoðun kemur greinilega fram hjá Ernest Gellner:

Sú hefð að líta á þjóðir sem náttúrulega eða guðlega aðferð til að flokka menn sem eðlislæg [...] pólitísk örlög er goðsögn; þjóðernisstefna býr stundum til þjóðerni úr menningarhópum sem þegar eru fyrir hendi, finnur þær stundum upp, og útrýmir oft menningarhópum sem eru fyrir hendi: Það er raunveruleikinn hvort sem okkur líkar hann betur eða verr [...]. (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 26-27)

Þjóðernisstefna er ekki vakning hópsins um eigin tilveru heldur er hún stefna sem býr hópinn til. Samkvæmt þessum hugmyndum þjóðernisstefnunnar eru þjóðir eins og hugarfóstur sem allt eins getur gufað upp er minnst varir (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 27).

Kenningar móðernisma hafi hlotið mikla athygli en ekki eru allir sannfærðir um gildi þeirra. Eins og hefur verið nefnt áður er Anthony D. Smith á meðal fremstu gagnrýnenda móðernisma. Hann dregur í efa að þjóðerni sé rótlaust fyrirbæri eins og móðernistar vilja halda fram. Hann hefur velt fyrir sér hvers vegna þessi „ímyndun“ virðist hafa svo djúpstæða festu og hafa verið ríkjandi svo lengi og við ólíkar menningarlegar og félagslegar aðstæður. Í ofanálag telur Smith frekar óeðlilegt að sé um ímyndun að ræða að þúsundir eða milljónir manns hafi látið líf sitt í nafni eigin ímyndunarafis. Samkvæmt Smith hlýtur þjóðerni að standa á traustum grunni og virðist það vera eitt afbrigði samkenndar sem hefur greint mannkynið í hópa. Þessa hópa nefnir hann *ethnie*, eða þjóðflokkasamfélög (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 27). *Ethnie* skilgreinir Smith sem:

[N]afngreindan hóp manna sem á sér goðsagnir um sameiginlegan uppruna, sameiginlegar sögulegar minningar, eitt eða fleiri sameiginleg menningareinkenni, tengist ákveðnu ‚heimalandi‘ og sýnir ákveðna samstöðu a.m.k. á meðal yfirstéttarinnar. (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 27)

Smith telur að þjóðir séu afkvæmi þessa *ethnie* en að sérkenni þjóða felist í áherslu þjóðernishyggju á réttindi og skyldur manna, en einnig vegna fjöldamenningar. Hann er sammála módernistum um að þjóðir og þjóðernishyggja séu nútímafyrirbæri. En þetta segir ekki alla söguna, samkvæmt Smith, eigi flestar þjóðir djúpar rætur í fyrri tíma, þó þær séu vissulega að mestu tilbúningur. Hann leggur áherslu á að þjóðernisvitund sé varanleg tilfinning vegna þess að saga hverrar þjóðar nái langt aftur í tíma, langt frá upphaf nútímans. Út frá þessu má sjá hvernig Smith leggur meiri áherslu á djúpstæðari tilveru samanborið við viðhorf módernista (Guðmundur Hálfðanarson 2001, 27-28).

2.5 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið farið yfir nokkur hugtök og skilgreiningar sem verða lögð til grundvallar við umfjöllun um sögu Júgóslavíu í eftirfarandi köflum. Margar mismunandi stefnur og straumar hafa verið í þjóðernisrannsóknum og skiptar skoðanir á milli fræðimanna. Módernistar hafna til dæmis því að þjóðerni sé gamalt fyrirbæri en telja það heldur vera eina af fjölmörgum þjóðfélagsbreytingum. Frumhyggja hefur hins vegar aðra sýn en samkvæmt þeirri stefnu eiga þjóðir sér djúpar rætur í fyrri tíma, þó þær séu vissulega að mestu tilbúningur.

Í næsta kafla verður sjónum beint að bakgrunni fyrir myndun Suður-Slavnesks ríkis, stofnun þess og hvernig ríkið flosnaði upp í seinni heimsstyrjöldinni.

3 Bakgrunnur myndunar Júgóslavíu

Í þessum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um bakgrunn og tilurð Júgóslavíu (Konungsríki Serba, Króta og Slóvena) en ríkið var stofnað árið 1918 eftir fyrri heimsstyrjöld. Júgóslavía var sameinað ríki flestra þeirra slavnesku þjóða sem búa á Balkanskaga. Í gegnum aldirnar hafa Suður-Slavar þurft að vera undir mismunandi herrapjóðum eða stórveldum. Eftir að hafa fengið nóg var ákveðið að stofna Suður-Slavneskt ríki. Serbar voru í forystuhlutverki við stofnun þess nýja ríkis. Frá upphafi stofnunar þess var ágreiningur um hvernig ríkið ætti að vera skipulagt sem leiddi til þess að hægt og rólega fóru hugmyndir um eigið þjóðríki að vaxa.

3.1 Austrómverska keisaradæmið og Tyrkjaveldi

Öldum saman hafa mismunandi þjóðir, þó aðallega Suður-Slavar, með mismunandi trú og menningu þurft að búa á tiltölulega litlu landsvæði á Balkanskaga, og yfirleitt þurftu þær að sæta yfirráðum annarra stórvelda (Simonovic 1999, 440).

Frá fyrstu öld e. Kr. var mestur hluti Balkanskagans hluti af Rómaveldi. Á fjórðu öld skiptist það svo í vestrómverska ríkið og hið austrómverska (e. Byzantine empire). Balkanskagi féll þá undir yfirráð austrómverska ríkisins sem þýddi m.a. að grísk áhrif voru sterk og rétttrúnaðarkirkjan skaut rótum. Balkanskagi hafði lengi verið þjóðbraut ólíkra hópa og menningarstrauma. Grikkir og Rómverjar höfðu haft mikil ítök þar, auk ýmissa annarra hópa. Slavar settust hins vegar ekki að á svæðinu fyrr en á sjöttu og sjöundu öld e. Kr. (Judah 2000, 6-7). Þessir fyrstu Slavar sem hafa komið á Balkanskaga skiptu sér upp í mismunandi ættflokka sem hafa síðan farið mismunandi leiðir. Í nútímanum kallast þeir Suður-Slavar, sem hafa í tímans rás kvíslast í Bosníumenn, Búlgara, Króata, Makedóníumenn, Montenegrómenn, Serba og Slóvena á grundvelli sögulegra og menningarlegra þátta (Judah 2000, 7-8). Þótt Suður-Slavar hafi komið frá skyldum ættflokkum þá hafa þeir verið nokkuð mismunandi frá byrjun. Þar sem mismunandi ættflokkar Suður-Slava hafa komið sér fyrir á mismunandi landsvæðum hafa Serbar, Búlgarar og flestir Suður-Slavar verið undir sterkum áhrifum rétt-trúnaðarkirkjunnar og Konstantínópel, en Króatar, til dæmis, urðu undir sterkum áhrifum frá kaþólsku kirkjunni og vestrómverska ríkinu (Judah 2000, 7-9).

Frá 850 og fram til 11. aldar voru þessi svæði undir Búlgarska veldinu (e. Bulgarian empire) og keisara (e. tsar), og alveg til 12. aldar voru þau undir austrómverska ríkinu (e. Byzantine Empire). Talið er að þessir fyrstu Slavar sem komu á svæðið hafi í raun hertekið svæði sem öldum saman höfðu verið austrómversk héruð. Þess vegna hafði austrómverska keisaradæmið sterk áhrif á pólitíska og menningarlega þróun Suður-Slava (Ostrogorsky 1963, 1-2). Austrómverska keisaradæmið var við völd í um þúsund ár þangað til það féll undir hernámi Tyrkja á fjórtánda öld (Nicol og Teall 2015).

Konungsríkið Serbíu var árið 1217 viðurkennt af Vatíkaninu og Austrómverska ríkinu sem fullvalda konungsríki, en féll á 16. öld undir Tyrkjaveldi (Judah 2000, 19-20).

Um miðja 16 öld, þegar Tyrkjaveldi hafði þegar hernumið stóran hluta af Balkanskaga, hófst ferli íslamsvæðingar á svæðinu, sérstaklega í Bosníu-Hersegóvínu, sem hafði verulegar afleiðingar síðar meir. Þetta gerði það að verkum að hluti Slava tók upp múslimstrú en hinir voru kristnir. Þessi breyting skapaði síðan skiptingu meðal Suður-Slava (Branco 2009).

3.2 Balkanskagastríðið, fall Tyrkjaveldis og keisaradæmið Austurríki-Ungverjaland

Á Berlínarráðstefnunni árið 1878 hittust leiðtogar ríkja í Evrópu ásamt Tyrkjaveldi. Ákvörðun sem þar var tekin hafði gríðarleg söguleg áhrif. Yfirráðasvæði Serbíu og Svartfjallalands hafði stækkað og voru þau aftur viðurkennd sem fullvalda ríki (Judah 2000, 67). Hins vegar missti Tyrkjaveldi Bosníu til keisaradæmis Austurríki-Ungverjaland, sem var verulegt högg fyrir Serbneska ríkið. Tyrkjaveldi var þó enn við völd á Balkanskaga allt til ársins 1912 (Kunitz 2004, 1985). Árið 1912 gengu Serbar, Búlgarar, Grikkir og Svartfellingar saman til liðs og voru tilbúnir að fara í stríð gegn Tyrkjaveldi (Kunitz 2004, 1895). Með 720 þúsund hermenn á móti aðeins 307 þúsund hermönnum Tyrkja voru þeir loksins hraktir í burtu eftir u.þ.b. fimmhundruð ára yfirraði á Balkanskaga (Judah 2000, 83).

Árið 1913 hófst seinna Balkanskagastríðið (Kunitz 2004, 1895). Búlgarar fóru að hafa áhyggjur af því að þeir myndu missa áhrif sín á svæðinu og fóru þess vegna í stríð við Serba. Serbar höfðu betur í stríðinu og skiptu þeir með Grikkjum restinni af Makedóníu sín á milli. Balkanskagastríðið leiddi til mikils manntaps; þjóðarvitund og

Þjóðernishugmyndir fóru að vaxa, en einnig urðu miklir búferlaflutningar, þar sem hundruð þúsundir manna þurftu að flytja á brott (Judah 2000, 84).

Króatía og Slóvenía höfðu hins vegar verið undir Austurríska keisaraveldinu öldum saman og síðan undir fjölþjóðlegu keisaraveldi sem var umbreytt í sameiginlegt ríki af tveimur ráðandi þjóðernishópum, þ.e. í keisaradæmið Austurríki-Ungverjaland árið 1867 (Denitch 1996, 22). Króatía hafði skrifað undir samkomulagi við Ungverjaland árið 1868, þekkt sem *Nagodba*, þar sem Króatíska ríkið var formlega viðurkennt, en var langt frá því að hafa stjórn á eigin málum (Barrett o.fl. 2018).

Eftir að hafa verið öldum saman undir yfirráðum erlendra stórvelda voru Suður-Slavar orðin uppgefnir. Fljótlega fóru þeir að átta sig á að einungis með því að sameina Suður-Slava undir eitt ríki gætu þeir endurheimt glatað frelsi (Hudson 2003, 8).

Í Serbíu var hugmyndin um sameiginlegt ríki Suður-Slava hins vegar ekki eins áberandi í byrjun samanborið við ríki undir keisaradæminu Austurríki-Ungverjalandi. Serbía hafði þrenna möguleika um hvernig landsmenn vildu mynda sitt ríki. Fyrsti möguleikinn var að mynda Stóru-Serbíu, sem myndi innihalda Bosníu, einhver svæði í Króatíu, Slóveníu og Dalmatíu þar sem þessi svæði voru að mestu leyti byggð af Serbum. Annar möguleikinn var að mynda ríki Slava sem myndi meðal annars hafa Búlgara með, þar sem þeir voru líka að miklu leyti Slavar, en með árás þeirra á Serba árið 1913 var þessi möguleiki nánast útilokaður. Þriðji og síðasti möguleikinn var hugmyndin um Suður-Slavneskt ríki, sem fékk ekki mikil fylgi í byrjun. Í Serbíu höfðu stjórnámálamenn meiri áhuga á myndun Stóru-Serbíu og voru síður tilbúnir til að fara í stríð gegn keisaradæmi Austurríki-Ungverjalandi. Eftir Balkanskaga stríðið árið 1913 breyttist það hins vegar þar sem Serbía nánast tvöfaldaðist að stærð og íbúum landins fjöldaði úr 2,9 milljónum í 4,4 milljónir (Judah 2000, 94-95).

Segja má að Serbía hafi verið í forystuhlutverki við myndun þessa nýja ríkis og ástæðan var sú að Serbía var stærsta samfélag Suður-Slava. Landið var orðið konungsríki og hafði nú þegar losað sig undan Tyrkjaveldi, og hafði komið á fót þjóðríki sem barðist fyrir því að frelsa aðra Suður-Slava fram að fyrri heimsstyrjöldinni. Fall keisaradæmis Austurríki-Ungverjalandis og Tyrkjaveldis gerði það að verkum að hugmyndin um að sameina Suður-Slava virtist möguleg (Hudson 2003, 8)

3.3 Fyrri heimsstyrjöldin

Fyrri heimsstyrjöldin á rætur að rekja til morðsins á Franz Ferdinand (1863-1914). Árið 1914 kom erfingi Austurríska hásetisns ásamt eiginkonu í Bosníu til Sarajevo. Þar voru Franz og eiginkona hans drepin af Gavrilo Princip, en hann var Serbi sem bjó í Bosníu. Ástæða Princip var skýr, eins og hann tók fram í réttarhöldum yfir honum: „Ég er jógóslavneskur þjóðernissinni, að miða fyrir sameiningu allra Jógóslava, og mér er alveg sama í hvaða formi ríkisins, en það verður að vera frjálst frá Austurríki.“ Þessi atburður varð til þess að Austurríki lýsti yfir stríði gegn Serbíu árið 1914 (Hudson 2003, 12) og fyrr en varði höfðu mörg ríki Evrópu sogast inn í stríðið.

Í desember árið 1914 var Belgrad hernumið af keisaradæmi Austurríki-Ungverjalandi. Serbía endurheimti Belgrad þó fljótlega. Skömmu síðar bættist Búlgaría inn í stríðið í von um að endurheimta Makedóníu sem Búlgaría hafði tapað til Serbíu í Balkanskagastríðinu árið 1913. Þá fóru fleiri lönd að dragast inn í stríðið gegn Serbíu og í október árið 1915 hernumdu Þýskaland, keisaradæmið Austurríki-Ungverjaland og Búlgaría landið og var Serbíu síðan skipt á milli Austurríki-Ungverjaland og Búlgaríu (Hudson 2003, 12).

Þar sem Serbar gátu ekki samþykkt hernámið dróg fjöldi manns sig saman og hóf för sína að Andríuhafi þar sem þeim var bjargaðir af hersveitum bandamanna (e. Allied forces). Bandamenn voru lönd sem börðust gegn Miðveldunum. Frá Albönsku ströndinni var serbneski herinn fluttur til Kórfu og voru þeir sem lifðu af fluttir til að berjast við hlið bandamanna. Í lok stríðsins börðust þeir alla leið heim til Belgrad (Hudson 2003, 13).

Serbía stóð uppi sem sigurvegari úr stríðinu, ásamt bandamönnum sínum; Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu. Mannfall Serba í fyrri heimsstyrjöldinni var gífurlegt. Um fjórðungur herliðs þeirra lét lífið, eða um 275.000 hermenn. Þá er talið að allt að 800.000 borgara hafi farist vegna kerfisbundinna stríðsglæpa gagnvart borgurum og eins vegna sjúkdóma. Samtals fórust um tveir þriðju allra serbneska karlmanna á aldrinum 15 til 55 ára (Judah 2000, 101).

Ósigur Þjóðverja og Austurríki-Ungverjaland leiddi til endaloka keisaradæmis Austurríki-Unverjaland. Í kjölfar uppbrots ríkisins voru fjölmörg ný ríki stofnuð í Austur-Evrópu og Jógóslavía varð til sem nýtt sjálfstætt ríki árið 1918 (Hudson 2003, 13).

3.4 Myndun Konungsríkis Serba, Króata og Slóvena

Í apríl árið 1915 kom saman hópur manna úr Austurríska-Ungverska keisaradæminu sem vildi vinna að því að sameina Suður-Slava á Balkanskaga í eitt ríki. Hópurinn gekk undir nafninu Júgóslavneska nefndin (Hudson 2003, 13).

Árið 1917 skrifuðu fulltrúar hópsins, ásamt ríkisstjórn Serbíu, undir Korfú yfirlýsinguna (e. Corfu Declaration), sem kallaði eftir Konungsríki Serba, Króata og Slóvena með þingbundna konungsstjórn undir serbnesku kóngafólki. Í kjölfarið var komið á fót bráðabirgða þingi. Korfú yfirlýsing varð grundvöllur að frekara ferli sameiningar og varð enn fremur grundvöllur fyrir því hvernig hið innra pólitíska skipulag átti að vera í nýja ríkinu. Yfirlýsingin var fyrsta skrefið í átt að því að byggja upp ríkið (Sotirović 2014, 2). Nýja ríki var stofnað 1. desember árið 1918 sem Konungsríki Serba, Króata og Slóvena, sem var undir stjórn Alexandar Karadjordjevics, serbnesks prins (e. prince regent; Singleton 1985, 130).

Manntal sýndi að árið 1921 voru næstum því 84% af íbúum þessa nýja ríkis Slavar, þó þeir hefðu mismunandi bakgrunn. Restin af íbúum voru Þjóðverjar, Ungverjar, Tyrkir, Albanar, Rúmenar og fleiri. Þegar kom að trúarbrögðum var samfélag Slava ekki heldur svo einsleitt. Serbar, Svartfellingar og Makedónar tilheyrðu flestir rétttrúnaðarkirkjunni. Króatar og Slóvenar voru kaþólikkar og síðan voru Bosníumenn ýmist rétttrúaðir, kaþólikkar og múslimar. Flestir voru í rétttrúnaðarkirkjunni, eða um 47%, kaþólikkar voru um 40% og restin voru múslimar. Einnig voru tvö mismunandi skrifletur notuð, bæði latneskt- og kyrillískt letur, sem sýnir hvað nýja ríkið var fjölbreytt og flókin eining (Hudson 2003, 13-14).

Á millistríðstímabilinu var oft mikil ágreiningur á milli Serba og Króata um eðli ríkisins. Deilt var um hvort ríkið ætti að vera undir einni stjórn og forystu Serbíu eða hvort það ætti að vera sambandsríki, þar sem Króatía hefði jafnræði og sjálfstjórn. Frá stofnun ríkisins var mikil andstaða gegn því um að hafa miðstýringu undir einni stjórn. Helsti andstæðingur þess var stærsti stjórnsmálaflokkur Króata, króatíski bændaflokkurinn undir forystu Stjepan Radics (Hudson 2003, 18-19).

Almennar kosningar til stjórnlagabings fóru fram í nóvember árið 1920. Niðurstöður sýndu að yfir helmingur kosinna fulltrúa voru fylgjandi því að ríkið ætti að vera undir einni

stjórn, svo sem flestir serbneskir stjórnmalaflokkar. Og minna en þriðjung var fylgjandi því að ríkið ætti að vera sambandsríki. Samkvæmt stjórnarskránni sem var tekin upp árið 1921 átti ríkið að vera undir einni stjórn en haft var svigrúm til að dreifa valdi ríkisstjórnarinnar. Það var ákveðið með 223 atkvæðum gegn 35, með 161 fulltrúa sem að annað hvort héldu sig frá eða sniðgengu kosninguna (Hudson 2003, 19-20).

Á árunum 1920 til 1930 voru mjög tíðar breytingar í ríkisstjórninni. Árið 1928 var Stjepan Radic, leiðtogi króatíska bændaflokksins, myrtur á júgóslavneska þinginu. Við það óx spenna á milli þjóðernishópa. Í byrjun ársins 1929 lýsti Alexander kóngur yfir algerri stjórn, hann ógilti stjórnarskrána tímabundið og leysti upp þingið. Hann bannaði alla stjórnmalaflokka sem höfðu ættar- eða trúarleg nöfn. Hann endurnefndi Júgóslavíu sem konungsríki og vildi vekja hjá almenningi júgóslavneska þjóðerniskennd og sameina allar þjóðir í eina þjóð. Landinu var síðan skipt upp í níu landfræðilegar einingar, kallaðar banovina, sem áttu að leysa af hólmi sögulega skiptingu í landinu. Loks bannaði hann alla þjóðfána og tákn (Hudson 2003, 23).

Þessar þvinganir Alexanders höfðu að lokum öfug áhrif en þau sem hann hafði í huga. Til dæmis fór vakning aðskilnaðarsinna vaxandi, bæði í Króatíu og Makedóníu. Þessar þvinganir sameinuðu einnig fulltrúa frá öllum samfélögum (e. communities) Júgóslavíu í andstöðu við konunginn. Vegna þessarar andstöðu og utanaðkomandi þrýstings frá Frakklandi þurfti Alexander að endurkynna nýja stjórnarskrá árið 1931 sem samanstóð af þjóðþingi og voru stjórnmalaflokkar á ný leyfðir en áttu þó að vera undir (e. subordinate) konungi (Hudson 2003, 23).

Árið 1932 vildu margir stjórnmalamenn, aðallega króatískir en líka serbneskir, líta aftur til ársins 1918 og endurreisa ríkið upp á nýtt, þar sem í þessu nýja ríki væri meiri jafnrétti og að serbnesku forræði væri útrýmt (Hudson 2003, 23-24).

Árið 1934 var Alexander myrtur af makedónískum hryðjuverkamanni sem var í samstarfi við króatíska hreyfingu sem nefndist *Ustase* (Judah 2000, 111). Um var að ræða fasistahreyfingu (The Editors of Encyclopedia Britannica 1998) sem var m.a. styrkt af stjórn Mussolinis frá Ítalíu, sem hafði áhuga á brjóta upp Júgóslavíu svo hún mundi efla sín eigin yfirráðasvæði á Balkanskaga (Hudson 2003, 24).

Eftir morðið á Alexander tók 11 ára sonur hans Petar II við stjórn, en frændi hans, prins Pavle, stýrði ríkisstjórninni og með honum minnkaði undirokunin aðeins. Serbinn Milan Stojadinovic, sem var forsætisráðherra frá 1935, reyndi að koma á bráðabirgðasamkomulagi við Króata með stuðningi Slóvena og bosnískra múslima (Judah 2000, 111). Talið var að Milan Stojadinovic væri fylgjandi stjórnarskránni hans Alexanders konungs frá 1931, og var fyrir það að ríkið væri undir einni stjórn. Árið 1937, eftir fund með Mussolini, byrjaði Milan smám saman að taka upp fasískar hugmyndir en náði aldrei að koma þeim í stjórn, hvorki í sínum eigin flokki, né á þingi. Margir serbneskir flokkar voru á móti honum og stefnu hans og var hann árið 1939 tekinn úr embætti af prins Pavle (Hudson 2003, 24). Eftir að Stojadinovic var fjarlægður úr embætti náðist loks samkomulag milli Serba og Króata og það var gert árið 1939 með samkomulaginu *Sporazum*. Með *Sporazum* hafði Króatía hlotið sjálfstjórn innan Júgóslavíu, sem innihélt líka stóran hluta af landsvæði Slóvaníu, Dalmatíu og Bosníu. Af íbúum þess, sem voru um 4,4 milljónir, voru 866.000 Serbar og þar af margir serbneskir þjóðernissinnar á móti *Sporazum* (Judah 2000, 112).

3.5 Seinni heimsstyrjöldin

Ekki var vitað hvort *Sporazum* samkomulag Serba og Króata árið 1939 myndi duga sem varanlegt samkomulag milli þeirra tveggja vegna þess að Júgóslavía, sem var stofnuð árið 1819, var að liðast í sundur með seinni heimsstyrjöldinni (Allcock 2012).

Í febrúar árið 1941 hófust hernaðaraðgerðir Þjóðverja á Balkanskaga. Búlgaría og Rúmenía voru meðal fyrstu landa þar sem Þjóðverjar gerðu innrás. Ekki var ætlunin í að ráðast inn í Júgóslavíu fyrst en þegar Búlgaría gekk til liðs við Þýskaland og bandamenn þess, og Rúmenía var orðin umkringd af þýskum hermönnum, var ljóst að Júgóslavía var næst í röðinni (Glenny 2000, 471-472).

Hernaðaraðgerðir Þjóðverja gegn Júgóslavíu hófust 6. apríl árið 1941 (Singleton 1985, 173). Ríkið var brotið upp og náði þýski herinn, ásamt ítalska, ungerska og búlgarska hernum Júgóslavíu á sitt vald á skömmum tíma (Hudson 2003, 27-29). Talið er að ástæður innrásar Hitlers í Júgóslavíu liggi í hernaðarlegu valdaráni (e. coup) sem gert var 27. mars árið 1941, tveimur dögum eftir að júgóslavneskur stjórnandi (e. regent), Pavle, hafi skrifað undir príhliða sáttmála (e. The Tripartite Pact), sem Þýskaland, Japan, Ítalía og fleiri voru

aðilar að. Nýja stjórnin sem tók við af honum var ekki sátt við þann sáttmála og vildi ekki viðurkenna hann (Singleton 1985, 173-175).

Júgóslavía sem ríki var ekki lengur til. Ríkinu var skipt upp í að minnsta kosti níu einingar sem var stjórnað af mismunandi Möndulveldum (e. Axis power). Króatar lýstu yfir sjálfstæði 10. apríl árið 1941 sem stofnað var af króatískum fasistum, *Ustase*, sem höfðu stuðning og samning við Ítalíu. Slóvenía og Bosnía gengu til liðs við þá (Glenny 2000, 485). Í Serbíu byrjuðu uppreisnarmenn að standa upp. Í Bosníu og Króatíu fór hatur á Serbíu að vaxa og smá saman byrjuðu Serbar að vera eltir og drepnir (Judah 2000, 113-117).

Hryllilegt ástand ríkti nú í fyrrverandi Júgóslavíu. Í Serbíu tóku nasistar allt í sínar hendur til að koma á fót algerri yfirstjórn. Um 200.000 karlmenn voru sendir í herbúðir til Þýskalands. Kósóvó Albanar byrjuðu að tortíma Serbum og Svartfellingum sem gerði það að verkum að þúsundir flúðu til Serbíu. Í nýju sjálfstæðu ríki Króatíu voru fjöldamorð framín. Þar sem um milljónir Serbar og múslimar bjuggu í þessu nýja sjálfstæða ríki Króata var markmið *Ustase* að búa til ríki með hreinum kynþætti þar sem Serbar, gyðingar og rómafólk (áður kallaðir Sígaunar) skyldi verða útrýmt. Talið er að um hálf milljón Serba, gyðinga og rómafólk hafi verið drepin í fjöldamorðum *Ustase* (Hudson 2003, 30-31).

Í þessu ástandi spruttu fljótlega upp nýjar hreyfingar sem börðust gegn Möndulvöldunu. Ein þeirra var kommúnísk skæruliðahreyfing Josip Broz Titos sem nefnd var *partisans*. Önnur skæruliðahreyfing sem vann gegn *partisans*, en barðist líka gegn Möndulveldum, var konungsher Júgóslavíu, nefndur *chetniks*, sem var undir stjórn serbnesks þjóðernissinna, Dragoljub Mihailovic (Glenny 2000, 486).

Partisan skæruliðahreyfingin var stærsta og árangursríkasta júgóslavneska mótspyrnan gegn Möndulveldum. *Partisan* hófu starfsemi sína um leið að nasistar gerðu innrás inn í Sovétríkin þann 22. júní árið 1941. Josip Broz Tito hafði einmitt komið til Belgard 8. maí sama árið, eftir að hafa verið um einhvern tíma í Moskvu til að skipuleggja herafli (Hudson 2003, 31-32).

Segja má að skæruliðahreyfingin *chetniks* hafi litið á skæruliðahreyfingu *partisans* sem óvin, eins og þeir litu á Þjóðverja. Oft á tíðum áttu hreyfingarnar einnig í baráttu sín á milli. *Chetniks* kenndu *partisans* um að serbneskir borgarar væru að missa lifið á meðan

þeir börðust við þjóðverja í óréttlátri báráttu. Talið var að fyrir hvern þýskan hermenn sem var drepinn hafi þýskir hermenn drepið eitthundrað júgóslavneska almenna borgara (Hudson 2003, 33-34).

Markmið *partisan* hreyfingarinnar var að vinna gegn hernámi Möndulvelda en einnig var kommúnistaflokkurinn sem stóð að hreyfingunni með það markmið að ná völdum eftir stríð. Tito taldi að einungis með því að sameina Suður-Slava að nýju gæti sjálfstæði orðið að veruleika aftur. Í þetta skipti myndi það einungis vera mögulegt með því að jafnrétti ríkti á milli mismunandi þjóðerna (Hudson 2003, 31-32).

Í maí árið 1941 hittust leiðtogar slóvenska og króatíska kommúnistaflokks með Josip Broz Tito í Belgrad til að ræða hvernig best væri að veita mótspyrnu gegn hernámi Möndulveldanna. Hugmynd Titos var að stofna (e. National Liberation Anti-Facist Front) þar sem allir íbúar Júgóslavíu væru meðlimir óháð flokki eða trú. Árið 1942 var stofnað andfasískt ráð sem hafði þjóðarfrelsun Júgóslavíu að markmiði (e. Anti-Fascist Council of National Liberation of Yugoslavia). Markmiðið var að frelsa Júgóslavíu og stofna breitt lýðræðislegt stjórnvald sem myndi viðurkenna réttindi mismunandi þjóða og trúarlegra hópa í landinu (Hudson 2003, 33-35). Í október árið 1944 var Belgard frelsað af *partisans* (Hudson 2003, 37).

Stríðið kostaði mörg mannlíf, talið er að 11% íbúanna, eða 1,7 milljónir manns hafi misst lífið. Hagkerfið fór algjörlega úr skorðum. Um 3,5 milljónir manns voru heimilislausir og margar borgir voru algjörlega í rústum. Svona var ástandið þegar Josip Broz Tito tók við Júgóslavíu (Singleton 1985, 206).

3.6 Samantekt

Í þessum kafla hefur aðdraganda að stofnun Suður-Slavnesks ríkis, stofnun þess og uppbroti með seinni heimsstyrjöldinni verið lýst. Frá stofnun ríkisins var mikill ágreiningur um hvernig ríkið ætti að vera skipulagt. Það leiddi til þess að hægt og rólega fóru þjóðernissinnaðar hugmyndir að vaxa. Þessa sögu Júgóslavíu er mikilvægt að skoða svo hægt sé að öðlast betri skilning á stofnun Sósíalíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu undir Josip Broz Tito, sem er til umfjöllunar í næsta kafla. Átök ríktu á meðan Tito var við völd, og sérstaklega eftir fráfall hans, þar sem erfitt reyndist að halda ríkinu saman.

4 Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía

Eftir seinni heimsstyrjöldina var formlega stofnað Sósíalistískt sambandslýðveldi í Júgóslavíu þann 29. nóvember árið 1945 undir leiðsögn Josip Broz Títos. Það samanstóð af sex lýðveldum: Serbíu, Slóveníu, Króatíu, Bosníu-Hersegóvínu, Svartfjallalandi og Makedóníu, auk tveggja sjálfstjórnarhéraða, Kósóvó og Vojvodínu. Eftir yfirráð Serba í fyrra ríkinu var hugmyndin nú að sameina Suður-Slava aftur, en að hafa meiri jafnrétti í nýja ríkinu þar sem það myndi sameina hópa af mismunandi þjóðerni og trúarlegum uppruna í landinu. Tito náði að halda ríkinu saman, þó vissulega væru alltaf einhver átök í lýðveldunum og mikil tilhneiging til þjóðernishyggju, sérstaklega hjá Serbum, Króötum, en ekki síst hjá múslimum í Bosníu-Hersegóvínu. Uppbroti Júgóslavíu í lok tuttugustu aldar eftir dauða Josip Broz Títos fylgdu mikil átök á milli fyrrgreindra hópa sem leiddu til uppbrots hennar.

4.1 Stofnun Sambandslýðveldis Júgóslavíu

Árið 1945 voru haldnar kosningar til stjórnlagabings og kommúnistaflokkurinn fór með sigur og tók í kjölfarið öll sætin á þinginu þar sem enginn annar flokkur var í boði. Þar sem fyrri valdhafar voru sigraðir var lýst yfir lýðræðislegu ríkjasamband Júgóslavíu. Sama ár var nafninu breytt í Sambandsalþýðulýðveldi Júgóslavíu (e. Federative People's Republic of Yugoslavia). Í janúar árið 1946 var fyrsta nýja stjórnarskráin samþykkt. Með henni voru sex sambands-lýðveldi (e. republics) stofnuð: Serbía, Króatía, Bosnía-Hersegóvína, Slóvenía, Makedónía og Svartfjallaland. Tvö sjálfstjórnarhérað voru stofnuð innan Serbíu, Vojvodína og Kósóvó-Metohija. Hvert lýðveldi hafði rétt til að segja sig úr hinu nýja ríki kysi það að gera svo (Hudson 2003, 40-41).

Stjórnarskráin frá árinu 1946 var eftir fyrirmynd stjórnarskrá Sovétríkjanna og Stalíns frá árinu 1936. Í henni var borgaralegt frelsi tryggt; allir borgarar voru jafnir fyrir lögum, engin mismunun á þjóðernisuppruna, eignastöðu, menntunarstigi eða trúarbrögðum. Pólitískt frelsi og trúarlegt frelsi átti einnig að vera tryggt, sem og vernd (Singleton 1985, 209).

Samkvæmt stjórnarskrá ríkisins var Júgóslavía fjölþjóðlegt sambandsríki sem samanstóð af þjóðum og þjóðernum Júgóslavíu, og öðrum þjóðernishópum. Þjóðir Júgóslavíu voru sex talsins eins og áður hefur verið nefnt, sem áttu upprunalegt heimili í

einu af lýðveldum Sambandsríkisins. Múslimar voru þeir sem skiptu um trú. Þeir tóku upp íslamstrú frá kristinni trú þegar þeir voru undir Tyrkjaveldi og voru þeir skilgreind sem þjóð árið 1971. Tíu formlega viðurkenndir þjóðernishópar voru að auki í Júgóslavíu. Þessir hópar voru Albanar, Ungverjar, Tékkar, Búlgarar, rómafólk, Ítalir, Rúmenar, Slóvakar og Tyrkir. Tvö fjölmennustu þjóðernin voru Albanar í Kósóvó og Ungverjar í Vojvodinu og þessir hópar höfðu ekki viðurkennda þjóðernisstöðu innan Júgóslavíu vegna tilvistar Albaníu og Ungverjalands, en höfðu þó sjálfstjórnarsvæði innan Serbíu samkvæmt stjórnaskránni frá 1974. Síðan voru önnur þjóðerni sem einnig bjuggu í Júgóslavíu þannig að Júgóslavía var ríki sem samanstóð af mörgum mismunandi þjóðum og þjóðernum sem höfðu búið saman í gegnum aldirnar (Hudson 2003, 50-51).

Árið 1953 var stjórnarskránni frá 1946 aðeins breytt. Sambandsráðið og þjóðernisráðið voru sameinuð og framleiðsluráðið (e. Council of Producer) var nú innleitt. Það dróg úr vægi framsetningar þjóðernisráðsins í þágu verkafólks. Þessi breyting fól í sér frekari þróun til sósíalisma. Þar af leiðandi var nafninu breytt í Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía árið 1963, samkvæmt nýrri stjórnarskrá. Þessi breyting fól í sér að kosið væri til nefnda um allar stöður nema um stöðu Titos, þar sem hann tryggði vald ríkisins alveg fram til dauða hans (Hudson 2003, 51). Segja má að undir stjórn kommúnisma og Titos hafi ríkið orðið einræðisríki, þar sem sameina átti íbúana með hugmyndina um fyrirmyndarríki verkamanna að leiðarljósi, þar sem þjóðerni skipti ekki höfuðmáli.

4.2 Hver var Josip Broz Tito?

Josip Broz Tito fæddist 7. maí árið 1892 í bænum Kumrovec, nálægt Zagreb í Króatíu. Faðir hans var Króati en móðir hans var Slóvani (Singleton 1985, 190). Hann fór að heiman þegar hann var einungis fimmtán ára gamall og lærði að verða járnsmiður. Fljótlega byrjaði hann að hafa áhuga á þjóðernisfrelsi, þar sem Króatía var á þessum tíma kúgað ríki og undir stjórn annarra þjóða. Á unga aldri fór hann víða í Austurríska-Ungverska keisaradæminu og til Þýskalands til að bæta færni sína og að starfa sem járnsmiður (Einar Olgeirsson 1980, 74). Árið 1913 snéri hann hins vegar aftur heim til að ganga í herinn. Árið 1914 var hann sendur sem aðstoðarvarðstjóri (e. sergeant) í stríði gegn Serbíu. Árið 1915 var hann var svo sendur til Rússlands, en þar særðist hann alvarlega og var handtekinn af

Rússum í apríl 1915 (Banac 2016). Í Rússlandi kvæntist hann rússneskri konu og eignuðust þau fjögur börn, en aðeins einn sonur lifði af (Einar Olgeirsson 1980, 74). Tito snéri aftur heim til hinnar nýstofnuðu Júgóslavíu (Konungsríkis Serba, Króata og Slóvena) árið 1920 með fjölskyldu sinni og gekk strax í kommúnistaflokkinn sem var nýmyndaður (Singleton 1985, 190).

Í almennum þingkosningum árið 1920 var kommúnistaflokkurinn fjórði sterkasti flokkurinn í Júgóslavíu en fljótlega var hann bannaður af ríkisstjórninni eins og flest önnur starfsemi kommúnista í landinu. Tito gekk í sósíaldemókrataflokkinn í október árið 1920, sem varð deild úr kommúnistaflokknum. Af því má leiða að Tito var flokksbundinn kommúnisti (Einar Olgeirsson 1980, 74-76).

Premur árum seinna byrjaði Tito að vinna fyrir ólöglegan kommúnistaflokk. Uppreisn hans gegn valdhöfum í Zagreb í Króatíu gerði það að verkum að hann var handtekinn árið 1928 og dæmdur í fimm ára fanglesi (Banac 2016). Segja má að hann hafi verið heppinn að hafa verið handtekinn árið 1928 vegna þess að árið 1929 hafði Alexandar konungur fyrirskipað árás á ólöglega kommúnistaflokka, þar sem margir voru drepnir eða flúðu til Vínarborgar eða Moskvu (Glenny 2000, 572).

Árið 1934, þegar Tito var sleppt úr fangelsi, var lítið eftir af kommúnistahreyfingum í Júgóslavíu. Hann var sendur til Moskvu af flokki sínum til að sitja fyrirlestra í kommúnistaskólanum og þar lærði hann um verk Marxisma, Lenínisma og Stalínisma sem gerði hann að góðum ræðumanni síðar. Þegar hann snéri til baka var hann meðal fárra kommúnista sem voru eftir á lífi og fljótt safnaði hann saman hópi af aðgerðasinna (Glenny 2000, 572-573).

Tító dó árið 1980, 87 ára gamall, í Ljubljana, höfuðborginni í Slóveníu eftir að hafa verið um langt skeið á sjúkrahús. Júgó Slavar af öllum þjóðernum syrgðu hann og voru vart færir um að ímynda sér hvernig landið myndi stjórna án handleiðslu hans. Hvað hann var áhrifamikill leiðtogi sem sýndi sig í jarðarför hans þar sem stjórnmalaleiðtogar frá 122 löndum voru viðstaddir (Glenny 2000, 622).

4.3 Átök í Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu

Þrátt fyrir að Tito hafi nokkurn veginn tekist um að halda Júgóslavíu saman á meðan hann var við völd, þá var ekki alltaf friður í ríkinu og hann var vel meðvitaður um hvað gekk á í hinum lýðveldunum Sambandsríkisins.

Árið 1960 byrjuðu margir júgóslavneskir stjórnámálamenn og hagfræðingar að ræða um valddreifingu, sem myndi auka sjálfstæði lýðveldanna. Slóvenía og Króatía voru á meðal ríkustum lýðveldanna og voru hlynnt valddreifingu og auknu sjálfstæði lýðveldanna. Þau vildu halda stærri hluta af tekjum sínum fyrir sig, frekar en að meirihluti færi til Belgrad. Hins vegar voru fátækari svæðin sem voru fylgjandi miðstýringu á móti þessu vegna þess að þau nutu góðs af þessum sjóðum og öðrum fjármálastofnunum sem voru staðsettar í Belgrad. Króatar voru líka fylgjandi því að takmarkanir á vegabréfsáritun væru afnumdar þar sem fleiri túristar gætu komið til landsins. Alexandar Rankovic var á móti fyrirkomulaginu vegna þess að fleiri túristar þýddu að það þyrfti að fjárfesta meira í hótelum og öðrum mannvirkjum sem myndi leiða til þess að minna fjármagn færi til fátækari svæði (Judah 2000, 143-144).

Alexandar Rankovic var júgóslavneskur varaforseti, upprunalegur Serbi, sem barðist við hlið Titos í stríðinu og var honum trúur. Fram til ársins 1963 var hann innanríkisráðherra og yfirmaður *UDB* leynilögreglunnar. Segja má að hann hafi verið mikill serbneskur þjóðernissinni, þar sem hann hafði tilhneigingu til að veita öðrum Serbum traust frekar en að bera traust til einstaklinga af öðrum þjóðernum. Helsti andstæðingur hans var Slóveninn Edvard Kardelj, sem var hlynntur valddreifingu, en líka mögulegur frambjóðandi til að taka við af Tito (Judah 2000, 143-144).

Frá árinu 1966/67 upphófust pólitískar og sérstaklega efnahagslegar deilur, og átökin snérist um hvernig ætti að leysa þessar deilur. Deilurnar voru aðallega á milli Serba og Króata um efnahagstengsl sem ríktu á milli Belgrad og Zagreb. Króatía var talin afla mests gjaldeyris fyrir Júgóslavíu en króatísk fyrirtæki máttu einungis taka 10% af þeirri gjaldeyrisöflun, restin fór hins vegar til ríkisbankans (e. National Bank) í Belgrad. Þjóðerniskennd fór smám saman að vaxa á þessum tíma þegar Króatar fóru að átta sig á að Króatía væri að styrkja með fjárframlögum fátækari hluta í sambandsríkinu (Hudson 2003, 52). Aukin þjóðerniskennd fékk sterk viðbrögð frá Tito, þar sem hann sjálfur var af

króatísku þjóðerni, sem gerði það að verkum að hann þurfti að hreinsa króatíska forystu til þess að halda friði í sambandsríkinu (Hudson 2003, 52-53).

Árið 1967 fóru króatískir rithöfundar að birta yfirlýsingar um að króatíska og serbneska tungan væru ekki eins. Þeir kröfðust þess að allir einstaklingar í opinberum störfum í Króatíu notuðu einungis króatísku. Serbneskir menntamenn svöruðu því til að þeir krefðust þess að kenna ætti serbneskum börnum í Króatíu serbnesku frekar en króatísku. Að auki ættu þau að nota kýrillískt letur. Þetta sýnir að munurinn á milli serbneskrar og króatískrar tungu var í raun pólitísk deila, vegna þess að nánast enginn munur var í raun á milli tungumála þessara tveggja lýðvelda (Judah 2000, 145-146).

Deilurnar ristu dýpra. Nýjar deilur spruttu frá árinu 1970. Þær snérust aðallega um hvaða stöðu Króatía hafði innan Júgóslavíu og ef Króatía myndi lýsa yfir sjálfstæði, hvernig og hvenær það yrði gert. Án Titos hefðu líklega sprottið upp blóðug átök á þessum tímapunkti (Judah 2000, 146).

Króatísk þjóðernishyggi fór vaxandi á þessum tíma og króatískir þjóðernissinnar fóru að tala um hvernig sum svæði í Bosníu tilheyrðu í raun Króatíu. Þeir reyndu með tölfræði að sýna fram á hvernig pólitíkin í Bosníu væri undirorpin áhrifum Serba. Serbneskir þjóðernissinnar svöruðu þeim á móti með því að halda því fram að sum svæði í Bosníu hafi verið byggð af Serbum og flest þeirra væru byggð serbneskum íbúum. Þegar Tito áttaði sig á raunveruleika ágreiningsins sem ríkti á milli Króata og Serba ákvað hann að boða til fundar í Karadjordjevo í Vojvodina þann 1. desember árið 1971 til að bæla niður þjóðernissinnaðar hreyfingar í Króatíu. Króatar voru mjög ósáttir við fundinn vegna þess að hann var haldinn á þeim degi er Konungsríki Júgóslavíu var stofnað árið 1918 (Judah 2000, 147).

Ekki voru það einungis deilur á milli Serba og Króata, heldur voru líka deilur milli Serba og Albana í Kósóvó. Þegar fundur fór fram árið 1943 í Jajce, sem var grundvöllur fyrir stofnun Júgóslavíu árið 1945, tóku engir Albanar þátt. Þeir gerðu uppreisn árið 1944 vegna myndunar þessa nýja ríkis. Tito var vel meðvitaður um þann vanda sem þar ríkti en hann vonaðist til að deilurnar myndu leysast með því að búa til nýtt sambandsríki. Margir serbneskir landnemar sem hafði verið vísað á brott af Albönum þegar stríðið byrjaði árið 1941 fengu ekki að snúa til baka eftir stríðið. Serbneskir þjóðernissinnar héldu því fram að frá 1941 hafi hundruð þúsundir Albana komið til Kósóvó, bæði þegar Ítalir hernumdu

landið og einnig til að flýja stjórn Stalínista. Albanskir þjóðernissinnar töldu aftur á móti að þúsundum Albana hafi verið vísað úr landi á tímabili Júgóslavíu og að Serbar væru innvinklaðir í flestar mikilvægar stöður í Kósóvó, þó þeir teldu aðeins um fjórðung landsmanna (Judah 2000, 150-151).

Í nóvember árið 1968, eftir margra ára niðurlægingu og mismunun af hendi Alexandar Rankovics og *UBD*, stóðu albanskir stúdentar upp og tóku þátt í mótmælum (Glenny 2000, 586). Albanar kröfðust þess að héraðinu yrði umbreytt í lýðveldi og að háskólar skyldu kenna á albönsku. Árið 1969 byrjuðu einhverjir háskólar að starfa á albönsku og jafnvel voru þeim veittar bækur og fleira á albönsku, og eftir árið 1974 var hérað orðið lýðveldi að fullu nema að nafninu til (Judah 2000, 151). Samkvæmt stjórnarskránni frá 1974 höfðu Albanar í Kósóvó fengið ákveðin réttindi og aukna sjálfstjórn en það sem þeir vildu var jafnrétti á við önnur þjóðerni í Júgóslavíu. Löngunin þeirra um að Kósóvó skyldi verða lýðveldi kveikti eldmóð í Serbíu og Makedóníu þar sem bjó einnig stór hluti Albana. Staðan var þannig að ef Kósóvó skyldi fá stöðu lýðveldis, myndi þurfa að kljúfa það frá Serbíu. En Kósóvó á stóran þátt í serbneskri sögu og þjóðernishyggju. Andrúmsloftið í Kósóvó var mjög þungt og spennuþrungið á þessum tíma (Glenny 2000, 624).

Pólítískar umbætur Titos í Kósóvó breyttu samt sem áður ekki þjóðfélagslegum aðstæðum. Fátækt var ennþá mikil og mikið atvinnuleysi. Albanar höfðu á tilfinningunni að þeir myndu alltaf verða beittir misrétti. Serbar í Kósóvó fóru hins vegar líka að finna að þrengt væri að þeim. Mikið hafði dregið úr pólítískum forréttindum Serba eftir breytingu á stjórnarskránni árið 1974 og einnig hafði Albönum fjölgað verulega. Sem dæmi þá voru Serbar árið 1948 27,5% íbúa Kósóvó, en árið 1991 voru þeir ekki nema 10,9%. Þeir sem ákváðu að vera eftir lifðu í ótta um framtíðina (Davíð Logi Sigurðsson 2001).

Eftir fall á Alexander Rankovics árið 1966 hófust líka breytingar í Bosníu. Árið 1966 dróg úr yfirráðum Serba og kommúnistaflokksins í ríkisstjórn Bosníu. Bosnískir múslimar fóru að taka við stjórn í lýðveldinu og móta stjórn ríkisins til framtíðar (Judah 2000, 153). Mikilvægasta málefni múslima í Bosníu var baráttan um að verða viðurkenndir sem þjóð. Í sögulegu samhengi hafa múslimar hlotið óréttláta meðhöndlun af bæði Serbum og Króötum (Glenny 2000, 186). Margir serbneskir og króatískir þjóðernissinnar hafi eytt orku í að sanna að bosnískir múslimar væru í raun Serbar eða Króatar sem höfðu skipt um trú þegar svæðið var undir Tyrkjaveldi (Judah 2000, 154). Þar af leiðandi má segja að

múslimar í Bosnía hafi ekki verið þjóðernislega frábrugðnir serbnesku og króatísku samfélögunum. Múslimar í Bosnía töluðu líka serbó-króatísku, sem var frábrugðið albönskum múslimum sem voru í Kósóvó. Múslimar í Bosnía voru árið 1971 viðurkenndir í stjórnarskránni sem sér þjóð sem samanstóð af 9% af heildarfjölda íbúa Júgóslavíu. Í Bosnía-Hersegóvínu voru þeir stærsti þjóðflokkurinn sem gerði um 40% af heildarfjölda íbúa í lok ársins 1980 (Hudson 2003, 106).

Tito reyndi að búa til stjórnskipulegan ramma (e. constitutional framework) sem myndi sameina saman alla Suður-Slava gegn utanaðkomandi yfirráðum, og það gerði hann með því að hafa eftirlit og halda jafnvægi með því að veita þjóðrétt, koma í veg fyrir aðskilnaðartilhneigingu og yfirráð stærsta þjóðarhópsins, Serba. Honum heppnaðist ágætlega og fékk hann mikil stuðning í þessu máli alveg til enda lífs síns (Hudson 2003, 54-55). En Tito lést eins og fyrr sagði árið 1980.

4.4 Átök eftir fráfall Josip Broz Titos

Þó Júgóslavía hafi verið nokkuð stöðug efnahagslega á meðan Tito var við völd þá nutu ekki allir góðs af því. Þegar Tito lést skuldaði Júgóslavía um 18.5 milljarðar bandaríkjadala (Glenny 2000, 622-623). Júgóslavía glímdi ekki aðeins við efnahagsleg vandamál eftir fráfall Titos, heldur þurfti ríkið einnig að takast á við pólitískan óstöðugleika innan landsins. Það sem hélt landinu saman í byrjun var sambandsherinn, sem samanstóð að mestu af Serbum sem höfðu ekki enn smitast af serbneskri þjóðernishyggju. Á þeim tíma hafði í raun ekki verið nein ástæða til að ríkið myndi leysast upp, allavega hjá meirihluta Serba, Króata og Slóvena. Samkvæmt stjórnarskránni frá 1974 þá hafði Tito hugsað sér að eftir dauða hans myndi forsetaembættið vera sameiginlega í höndum fulltrúa allra lýðveldanna (Glenny 2000, 623).

Í Belgrad 24. september árið 1986 var birt nafnlaust skjal sem var þekkt sem *Memorandum*, sem var opinber yfirlýsing um serbneska þjóðernishyggju. Aðaláhersluefni yfirlýsingarinnar var að Serbar í Kósóvó stæðu frammi fyrir útrýmingu af höndum Albana. Einnig að Serbar í Króatíu væru í hættu. Yfirlýsingin var gagnrýnd af forystu kommúnistaflokksins, þar sem hún ögraði ekki aðeins öðrum þjóðernissinum í Júgóslavíu, heldur var hún einnig á móti hagsmunum Serba (Glenny 2000, 626).

Árið 1989 fóru serbneskir kommúnistar að fordæma Albana fyrir að vera aðskilnaðarsinnar og hryðjuverkamenn, og Slobodan Milosevic, þáverandi forseti serbneska sambandsríkisins, lofaði að finna lausn á því. Á fundi kommúnista í Vucitrn, bæ í Pristina, þar sem ungir karlmenn sem höfðu komið frá Serbíu til að funda var hrópað undir einni af ræðunum: „Serbía hefur staðið upp.“ Albanar fylgdust með þessu, en þeir töldu 95% af íbúum í Vucitrn. Svipaður atburður gerðist seinna í Zagreb, þegar Franjo Tudjman, sem var þá nýkjörinn forseti Króatíu, hélt ræðu þar sem andrúmsloft hjá mönnum var svipað, nema nú var hópað: „Króatía hefur staðið upp.“ (Glenny 2000, 626).

Í Sósíalíska Sambandslýðveldinu Júgóslavíu hafði forsetaembættið átta meðlimi, sem sagt einn úr hverju lýðveldi, og svo einn frá sjálfstjórnarhéruðunum tveimur, Kósóvó og Vojvodínu. Slobodan Milosevic vildi komast til valda í Kósóvó, Vojvodínu og Svartfjallalandi, svo hann réði yfir fjórum af átta atkvæðum í forsetaembætti Júgóslavíu. Það leiddi til þess að Króatía, Bosnía, Slóvenía og Makedónía stóðu saman til þess að koma í veg fyrir því að Milosevic gæti breytt stjórnarskránni eins og hann vildi. Árið 1989 var Slobodan Milosevic kjörinn forseti í Serbíu og felldi hann úr gildi að Kósóvó væri lýðveldi, eins og það hafði verið frá 1974. Hann vildi einnig nýta sér völdin til að ná völdum í Vojvodína og Svartfjalalandi, þar sem serbneskir fulltrúar voru í minnihluta. Það var ljóst að lítið þyrfti til til þess að átök myndu brjótast út á milli þriggja stærstu lýðveldanna; Króatíu, Slóveníu og Serbíu (Glenny 2000, 627-628). Á þessum tímamarki breyttist valdajafnvægi í Júgóslavíu í átt til miðstýringu undir serbneskri stjórn. Það gerði að verkum að Slóvenar lögðu einnig fram tillögu þar sem þeir kröfðust þess að Slóvenía gæti sagt sig út úr sambandsríkinu og óskað eftir fullveldi ef þörf krefði. Á þessu tímamarki voru tíðar deilur á milli Serba og Slóvena um hver staða lýðveldanna væri í raun (Þóra Margrét Guðmundsdóttir 1999).

Forystumenn þriggja stærstu lýðveldanna byrjuðu allir að kveikja eldmóð hjá fólki með því að fjalla um sögulega atburði sem hafa átt sér stað. Í Serbíu var til dæmis oft farið að bera Króata saman við *Ustase*, og að þeir væru aftur að skipuleggja að endurbyggja ríki *Ustase*. Serbar fóru hægt og rólega að trúá því að *Ustase* væri að rísa að nýju. Smátt saman fór fólk að hugsa í samræmi við meginregluna: „Dreptu áður en þú verður drepinn.“ Fjölmiðlar gegndu líka mikilvægu hlutverki í að kveikja eldmóð hjá fólkinu, þar sem þeir

sýndu myndir af grimmdarverkum og hvernig hver þjóð myndi hafa það betra ef hún hefði sinn eigin her og land (Glenny 2000, 929-630).

Bæði Milosevic í Serbíu og Tudjman í Króatíu spiluðu sama leik, þ.e. þeir styrktu pólitísk tók sín með hreinsunum og hótunum. Milosevic var í kommúnistaflokknum og umbreytti hann flokknum í serbneska sósíalístaflokkinn. Hann gerði það með því að sameina sósíalísk samtök verkafólks í Serbíu og fleiri mikilvæg samtök, eins og kvenna- og ungmennahreyfingar. Þetta gerði að verkum að engin ný stjórnarandstaða gat haft áhrif í ríkinu, og hann hafði bæði fjármagn og fjölmiðla í sínum höndum. Tudjman var aftur á móti í öðruvísi aðstæðum. Mikil fjöldi Serba var í valdastöðu í kommúnistaflokknum í Króatíu sem á rætur í því að árið 1971 skipti Tito út mörgum króatískum valdhöfum í stað serbneskra. Þegar Tudjman byrjaði svo að reka kommúnista í fjölmiðlum, réttarkerfi, opinberum störfum og fleira, þetta gerði að verkum að spenna fór vaxandi á milli Króata og Serba í Krajina. Þarna byrjuðu að vaxa augljósir kynþáttafordómar í garð Serba af flokki Tudjmans, sem leiddi til þess að Milosevic hvatti til vopnunar hjá Serbum í Króatíu, sérstaklega í Krajina (Glenny 2000, 631). Milosevic notaði fjölmiðla mikið til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Hann endurtók gjarnan að um samsæri hinna valdamiklu gegn Serbíu væri að ræða. Talið er að sú krafa að Serbar ættu rétt á að lifa saman í sínu ríki átti þátt í átökum sem höfðu brotist út í Krajna. Bæði Serbar í Krajnu og í Bosníu-Hersegóvínu litu á Milosevic sem verndara sinn (Þóra Margrét Guðmundsdóttir 1999).

Togstreitan á milli sambandsríkja Júgóslavíu snerist líka um ólíka sýn á framtíðina og hvers konar efnahagskerfi ætti að taka upp. Króatía og Slóvenía voru á meðal ríkustum lýðveldanna, pólitíska forystan þar barðist fyrir frjálsum markaði, sem hafði loks rutt sér til rúms. Í Serbíu var hins vegar andstaða við að taka upp markaðshagkerfi. Einnig ríkti í Serbíu reiði vegna illrar meðferða á Serbum í Kósóvó.

Í krafti meirihlutans knúði Milosevic fram breytingar á stjórnarskránni árið 1990. Með því var sjálfstjórnandi staða Kósóvó og Vojvodina afnumin, og Serbía skilgreind sem ríki allra sem þar bjuggu (Hudson 2003, 73). Í baráttunni sinni um að viðhalda sambandsríkinu, verja stöðu Serba, leiddi til þess að það fór að vaxa albanska þjóðernishyggja og aðskilnaðarstefna innan Kósóvó sem leiddi til ásakanir gegn Slobodan Milosevic. Andkommúnískir þjóðernissinnaðir flokkar í Króatíu og Slóveníu styrktu

framboð sitt til að yfirgefa Júgóslavíu. Milosevic var sakaður um að skipuleggja að stofna Stóru-Serbíu. Þjóðlegri þjóðernishyggju óx fiskur um hrygg í Króatíu, sem hélt því fram að Króatía væri einungis fyrir Króata (Hudson 2003, 74).

Fjölþjóðleg sambandsríki Júgóslavíu var eina raunverulega leiðin til að tryggja öryggi allra. Sú staða hafði rýrnað með aðskilnaðarstefnunni (e. secessionism) og forystu sambandsríkis (e. federal) sem veiktist vegna hörmulegra áhrifa efnahagslegra umbóta. Fyrstu fjölflokka (e. multi-party) kosningar í lýðveldum áttu sér stað árið 1990, þar sem þjóðernissinnaðir flokkar komust til valda í Slóveníu og Króatíu. Í Serbíu var jafnaðarmannaflokkur hins vegar endurkosinn, en flokkinn leiddi Slobodan Milosevic. Í júní árið 1991 ákváðu Slóvenía og Króatía að yfirgefa Júgóslavíu. Ríkin lýstu yfir sjálfstæði og beindu stefnumörkun sinni í áttina að Vesturlöndum. Hið sama gerði Makedónía í september sama ár. Í Serbíu var þó önnur nálgun tekin. Bosnía og Hersegóvína lýsti yfir sjálfstæði í mars árið 1992 og í apríl 1992 stofnuðu tvö lýðveldi, Serbía og Svartfjallaland, nýtt Sambandsríki Júgóslavíu (Hudson 2003, 74-75).

4.5 Samantekt

Í þessum kafla var farið yfir sögu Júgóslavíu frá 1945 þegar Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía var stofnað undir leiðsögn Josip Broz Titos. Tito náði að halda ríkinu saman, þó það væru alltaf einhver átök og mikil tilhneiging til þjóðernishyggju, sérstaklega hjá tveimur stærstu þjóðernishópunum, Serbum og Króötum, en ekki síst hjá múslimum í Bosnía-Hersegóvínu. Átök héldu áfram eftir fráfall Josip Broz Titos, og erfitt var að halda ríkinu saman. Það leiddi til þess að upplausn varð á Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu sem er til umfjöllunar í næsta kafla. Í kjölfarið mynduðust ný ríki og borgarastyrjöld spratt út.

5 Upplausn Sósíalíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu

Upplausn Sósíalíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu hófst í kjölfar mikils pólitíks umróts sem átti sér stað fljótlega eftir dauða Títos. Deilur voru aðallega á milli Serba, Króata og múslima í Bosníu um hver ætti rétt á landsvæðinu, sem leiddi til borgarastyrjöld. Eftir að það var fjarlægt hlutverk kommúnistaflokksins úr stjórnaskránni hófust frjálsar kosningar í hinum ríkjum sem lengi voru undir sama sambandsríki. Eftir að Slóvenía, Króatía, Makedónía og Bosnía-Hersegóvína lýsti yfir sjálfstæði hófust átökin þar sem þjóðirnar börðust hver á móti annari og þúsundir manna misstu lífið.

5.1 Kosningar 1990

Upphaf að uppbroti á Sósíalíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu má rekja til janúar ársins 1990 í Belgrad í Serbíu þar sem haldið var fjórtánda þing júgóslavneska kommúnistabandalagsins (e. league). Erfitt var fyrir leiðtogana hinna ríkjanna að ná samkomulagi um hvernig ríkið ætti að vera skipulagt. Slóvenar börðust fyrir því að gera bandalagið að bandalagi mismunandi ríkja en Serbar kröfðust þess að lýðræðisleg miðstýringarstefna (e. centralism) væri vernduð. Ekki náðist samkomulagi og var þingi frestað. Í janúar sama ár var leiðandi hlutverk kommúnistaflokksins (e. Communist League) fjarlægt úr stjórnarskránni og á nýjum fundi í maí leysti þingið af bandalagið. Í kjölfarið áttu sér stað frjálsar kosningar innan hinna ríkjanna (Hudson 2003, 78).

Í Slóveníu í apríl árið 1990 voru haldnar kosningar. Flokkurinn um lýðræðislega endurnýjun (e. the Party of Democratic Renewal) kom fram sem stærsti flokkurinn og vann hann líka forsetaembættið undir forystu Milan Kucan. Í því skyni að mynda ríkisstjórn þurfti að gera miðju-hægri stjórnarsamstarf sem var leitt af Kristnum demókrötum (e. Christian Democrats). Í apríl og maí sama ár voru haldnar kosningar í Króatíu. Með sigurinn fór *HDZ* flokkur (e. Croatian Democratic Union) Franjo Tudjman, með 42% atkvæða. Tudjman var síðan kjörinn forseti. Helsta málefni hans og flokksins var að gera Króatíu ríki sem átti einungis að vera fyrir Króata. Í Serbíu voru kosningar haldnar í desember 1990. Sósíalistaflokkur Serbíu, *SPS* (e. Socialist Party of Serbia) undir forystu Slobodan Milosevic, vann með 65% atkvæða og tryggði þannig 77% af þingsætum. Milosevic var síðan einnig kosinn sem forseti. Í nóvember og desember árið 1990 voru haldnar kosningar í Makedóníu og Bosníu-Hersegóvínu. Niðurstöður voru þannig að,

IMRO (e. Internal Macedonian Revolutionary Organization), fékk 37 sæti og kommúnistar 31. Í Bosníu-Hersegóvínu þar sem íbúar skiptust í mismunandi þjóðarhópa kusu íbúar aðallega út frá þjóðerni sínu. *SDS* flokkurinn (e. Serb Democratic Party), sem var leiddur af Radovan Karadzic, fékk 29,6%, og kusu hann aðallega Serbar. *HDZ* (e. Croatian Democratic Union of Bosnia and Herzegovina), hluti af flokki Franjo Tudjman fékk 18,3% atkvæða, og kusu hann Króatar. Og svo kusu múslimar flokkinn *SDA* (e. Party of Democratic Action) sem leiddur var af Alija Izabegovic og hlaut hann 33,8% atkvæða. Þess vegna var ríkisstjórn mynduð út frá þrem þjóðernislegum flokkum í Bosníu-Hersegóvínu (Hudson 2003, 78-80).

Greinilegt var að ágreiningur var á milli flokks Izetbegovics og Radovan Karadzics, sem var leiðtogi Serba í Bosníu, í frjálsum kosningum árið 1990. Samkvæmt Karadzic mundu Serbar ekki sættast á neinar breytingar á stöðu Bosníu-Hersegóvínu. Hann útilokaði ekki að til átaka gæti komið ef Bosnía-Hersegóvína myndi lýsa yfir sjálfstæði líkt og Króatía og Slóvenía voru búin að óska eftir (Þóra Margrét Guðmundsdóttir 1999).

Viðræður um framtíð Júgóslavíu voru síðan fluttar til sambandsþingsins (e. federal parliament). Staðan var þannig að Serbar, auk Svartfellinga, voru hlyntir sambandsríki og það var aðallega vegna þess að margir Serbar bjuggu fyrir utan Serbíu. Króatar og Slóvenar, hins vegar, voru hlyntir ríkjabandalagi (e. confederation) þar sem þeir myndu hafa innlent fullveldi. Makedónía og Bosnía-Hersegóvína voru hlyntari sambandsríki, aðallega vegna þess að þeir óttuðust landheimtustefnu (e. irredentism) Búlgaríu, Albaníu og Grikklands, og einnig vegna þess að hver sem mundi brjóta Júgóslavíu upp sem sambandsríki myndi skilja eftir sig fjölþjóðlega Bosníu-Hersegóvínu í hörmulegu ástandi (Hudson 2003, 82-83).

5.2 Úrsögn Slóveníu, Króatíu og Makedóníu

Slóvenía og Króatíu voru fyrstu ríkin í að taka skref í átt til úrsagnar. Þau lýstu bæði yfir sjálfstæði innan Júgóslavíu árið 1990 og að það skildi vera ríkjabandalag fullvalda ríkja. Mikill stuðningur var fyrir þessu í Slóveníu en ekki í Króatíu. Serbar sem bjuggu í Króatíu voru mjög andvígir þessu og mótmæli spruttu út á svæðum þar sem Serbar bjuggu. Í desember sama ár samþykkti króatíska þingið nýju stjórnarskránnu sem innihélt rétt til að ganga úr bandalaginu (Hudson 2003, 84). Það leiddi til þess að sjálfstjórnarhéraðið

Krajina, þar sem flestir Serbar bjuggu, ákvað að ganga úr Króatíu og valdi að vera áfram hluti af Júgóslavíu. Viku seinna var haldin þjóðaratkvæðagreiðslu í Króatíu, þar sem um 90% kjósenda studdu að gengið væri úr Júgóslavíu. Eftir það brutust út átök og þurftir *JNA*, júgóslavneski herinn, að grípa inn í. Milosevic, Tudjman og Izetbegovic hittust nokkrum sínum á þessu tímabili en tókst ekki að finna lausn á átökunum (Hudson 2003, 85-86).

Slóvenía lýsti yfir sjálfstæði 25. júní árið 1991. Króatía gerði hið sama næsta dag (Hudson 2003, 86). Makedónía lýsti yfir sjálfstæði í desember sama árið (Danforth 2017). Samkvæmt yfirlýsingunni um vilja til samvinnu og virðingu við mannréttindi, var þetta ólöglegt vegna þess að alþjóðleg landamæri Júgóslavíu voru viðurkennd samkvæmt lokalögum (e. Final Act) í Helsinki árið 1975. Þetta var einungis mögulegt með samþykki stjórnvalda og fólksins. Hins vegar var í tilfelli Júgóslavíu hvorki ríkisstjórnin né almenningur spurður (Hudson 2003, 86-88).

Úrsögn Slóveníu og Makedóníu úr Júgóslavíu var frekar friðsöm og átakalítill. Átökin voru aðallega vegna viðskipta, en einnig var tilhneiging til þjóðernissinnaðs áróðurs, og átök um eftirliti á skatttekjum (Glenny 2000, 629), en ekki var sama uppi á teningnum í tilfelli Króatíu þar sem þúsundir misstu lífið í því ferli. Ástæða blóðugs stríðs í Júgóslavíu var að nýja stjórnarskráin sem var kynnt af ríkisstjórn Franjo Tudjmans innihélt öfgafullar þjóðernishugmyndir. Það svipti Serba í Króatíu réttindum sínum, hafnaði meðal annars til að viðurkenna réttindi serbneska minnihlutanum innan Króatíu, sem var meirihluti í Krajina. *JNA* sem hafði verið í Slóveníu flutti sig til Króatíu í sumar árið 1991 til þess að vera höggdeyfir (e. buffer) á milli nýja króatíska þjóðvarðliðsins (e. National Guard) og serbnesku varnarsveitarinnar og studdi að lokum Serba í Króatíu þangað til vopnahléi var komið á, á milli Króatíu og Júgóslavíu árið 1992. Krajina varð undir eftirlitsmeðferð 10.000 UN friðargæsluliði, og í apríl árið 1992 stofnaði þjóðarráðið (e. National Council) serbneska lýðveldið Krajina (e. Republic of Serbian Krajina). Í ágúst árið 1995 réðust hersveitir inn í serbneska Krajina og hernámu svæðið. Talið er að um 300.000 serbneskir flóttamenn hafi flúið til Júgóslavíu sem er talin vera stærsta þjóðernishreinsun Júgóslavíu til þessa. Í lok árs 1991 höfðu bæði Slóvenía og Króatía verið viðurkennd sem sjálfstæði ríki (Hudson 2003, 89- 90).

5.3 Úrsögn Bosnía-Hersegóvínu

Eftir úrsögn Króatíu, Slóveníu og Makedóníu var komið að Bosnía-Hersegóvínu. Það var ljóst að það var mikil hætta fólgin í því að viðurkenna Bosnía-Hersegóvínu sem sjálfstætt ríki, vegna þess að augljóst var að Serbar í Bosnía voru á móti því að fara úr Júgóslavíu og að þeir myndu jafnvel standa á móti því (Woodward 1995, 197). Í Bosnía var sú staða uppi að Serbar mynduðu um það bil þriðja hluta þjóðarinnar, múslimar voru u.þ.b. 40% og Króatar um 18% þjóðarinnar. Í nóvember árið 1991 héldu Serbar í Bosnía þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem niðurstöður sýndu að um nær helmingur var á móti því að ganga úr Júgóslavíu. Þegar Bosnía-Hersegóvína lýsti yfir sjálfstæði í mars árið 1992 var Republika Srpska stofnað (e. declared), þar sem bjó meirihluti Serba. Þetta leiddi til þess að það spratt út stríð sem var í þrjú og hálf ár á milli þriggja mismunandi þjóða (Hudson 2003, 103-104).

Í Bosnía-Hersegóvínu var sú staða uppi að íbúar voru þjóðernislega mest frábrugðnir hverjir öðrum. Í gegnum tíðina hafa samskiptin á milli Serba, Króata og múslima verið góð þar sem þeir hafa búið saman í friði í næstum því fimmhundruð ár. Þó einhver átök hafi verið á milli þeirra þá voru þau frekar pólitísku en þjóðernislegs eðlis. Þess vegna var sú staða að þegar kom að sundrun Júgóslavíu þá var ljóst að lýðveldið myndi tapa mestu (Hudson 2003, 105).

Það var augljóst að mikil spenna var á milli þjóðernishópanna þriggja fyrir kosningar í nóvember árið 1990. Þessi spenna jókst þegar þjóðernissinnaðir stjórnmalaleiðtogar leituðu eftir stuðningi við stjórnmalaflokka sína, sem gerði það að verkum að flestir kusu út frá þjóðerni sínu. Leiðtogar ríkjanna ræddu upphaflega um mögulega skiptingu á lýðveldinu í mars árið 1991. Sumarið 1991 var gerð tilraun til að ná samkomulagi. Hugmyndin var sú að gera Bosnía-Hersegóvínu að óskiptu lýðveldi (e. unitary republik) í endurbættri Júgóslavíu. Samkomulagi var að mestu náð en Izetbegovic, leiðtogi múslima í Bosnía, varð eftir ferð sína til Bandaríkjanna andsnúinn hugmyndinni. Um miðjan október hafði Bosníska þingið rætt um tillöguna um fullveldi Bosnía-Hersegóvínu sem sett var fram af Izetbegovic og *SDA*. Hún var studd af *SDA* og Króatíska *HDZ*, en mikil andstaða var hjá serbneskum *SDS*. Í desember árið 1991 sótti ríkisstjórnin í Bosnía fyrir utan *SDS* um viðurkenningu á sjálfstæði Bosnía-Hersegóvínu (Hudson 2003, 109-110). Það gerði að

verkum að 9. janúar árið 1992 lýsti SDS yfir að stofnað væri bosníska-serbneska lýðveldið, seinna umbreytt í Lýðveldi Serba (s. Reublika Srpska; Judah 2000, 202).

Badinter nefndin sem sett var upp af Evrópubandalaginu í tengslum við friðarráðstefnu um Júgóslavíu í ágúst 1991 óskaði eftir því að ríkisstjórnin í Bosníu skyldi hafa þjóðatkvæðagreiðslu til að sýna að meirihlutinn vildi sjálfstæði. Einnig hafði nefndin úrskurðað að niðurstaðan myndi einungis vera gild ef jákvæður stuðningur væri fyrir því á meðal allra þriggja samfélagshópanna (Hudson 2003, 110).

Evrópubandalagið krafðist þess að þjóðatkvæðagreiðsla skyldi fara fram um sjálfstæði Bosníu. Frá 29. febrúar til 3. mars árið 1992 var haldin þjóðatkvæðagreiðsla. Hún var bæði sniðgengin af Serbum og ómöguleg fyrir marga, þar sem svæði voru undir beinni stjórn SDS (Judah 2000, 202). Af þeim 63,4% sem kusu voru 99,7% hlyntir sjálfstæði. Samkvæmt Badinter nefndinni var þessi niðurstaða kosningarinnar ógild vegna þess hve einhliða þjóðatkvæðagreiðslan var (Hudson 2003, 111).

Þann 3. mars árið 1992 lýsti ríkisstjórn Izetbegovics yfir sjálfstæði Bosníu-Hersegóvínu. Til þess að hægt væri að viðurkenna sjálfstæðið þurfti Evrópubandalagið að reyna að finna lausn sem allir þrjú samfélagshóparnir myndu sætta sig við. Samkomulag náðist og skrifað var undir Lissabon-samninginn 18. mars. Í honum var samþykkt ríki sem hefur þrjár þjóðir, sem hver hefur rétt til sjálfsákvörðunarréttar og svæðisstjórnunar á vegum þjóðernis síns. Hins vegar gerist það að nokkrum dögum eftir að hafa skrifað undir samningin dró Izetbegovic samþykkið til baka. Talið er að ef að samningar hefði verið samþykktur þarna hefði verið mögulegt að forðast stríðið (Hudson 2003, 111-112).

Í byrjun apríl höfðu átök brotist út. Evrópubandalagið viðurkenndi Bosníu sem sjálfstætt ríki 6. apríl árið 1992. Talið er að þá hafa átökin brotist út í Sarajevo, þó átök hefðu þegar hafist í Bosanski Brod (Judah 2000, 203). Hersveitir Serba í Bosníu, sem voru studdar af JNA, byrjuðu að ná stjórn á svæðum þar sem Serbar bjuggu. Um miðjan maí höfðu þeir náð stjórn yfir rúmlega 60% lýðveldisins, að mestu leyti svæði þar sem Serbar höfðu búið í hundruði ára (Hudson 2003, 113).

Í júníbyrjun árið 1992 lögðu Sameinuðu þjóðirnar viðskiptabann á Sambandslýðveldið Júgóslavíu (sem var þá kallað Sambandslýðveldi Serbíu og Svartfjallalands), einnig veitti Öryggisráðið Sameinuðu þjóðanna umboð til UNPROFOR fyrir 1.000 friðargæsluliða til að

taka yfir flugvöll í Sarajevo. Árið 1995 voru þeir orðnir 17.000. Í ágúst árið 1992 kom Evrópubandalagið saman á ráðstefnu í London og greindi frá því að Júgóslavíu væri árásaraðillinn (Hudson 2003, 114).

Í september árið 1992 byrjaði Friðarráðstefnan í Geneva (e. Geneva Peace Conference) undir forystu friðarviðleitni Lord Owen frá Evrópubandalaginu og Cyrus Vance frá Sameinuðum þjóðunum. Reynt var að koma á samkomulagi. Vance-Owen planið fól í sér að skipta skyldi Bosníu-Hersegóvínu í tíu héruð sem myndi fara eftir uppruna og þjóðerni. Samkomulagið var samþykkt af Króötum og upphaflega af Izetbegovic, en hins vegar var því hafnað af Serbum. Staðan var þannig að í apríl sama árið lýsti Evrópubandalagið því yfir að ef Serbar í Bosníu og Júgóslavíu staðfestu ekki Vance-Owen planið yrðu þeir einangraðir. Lord Owen, ásamt nýjum friðarsinna frá Sameinuðum þjóðum, Thorvald Stoltenbergi, settu fram nýtt Owen-Stoltenber plan í ágúst árið 1993. Þar áttu Serbar hlutfallslega að fá 52% af landinu, múslimar 30% og Króatar 18%. Þetta var samþykkt af Serbum og Króötum en hins vegar hafnað af múslimum (Hudson 2003, 114-115).

Stríðinu sem fór fram í Sarajevo á árunum 1992-1994 er yfirleitt lýst sem umsátri (e. siege) af Serbum. Öll ábyrgðin á stríðinu og ofbeldinu var sett á Serba. Í ákveðnum tilvikum réðust hersveitir múslima á borgara sína til að kenna Serbum um, sérstaklega var um að ræða fjöldamorð sem voru framin í Sarajevo árin 1992, 1994 og 1995 (Hudson 2003, 115-117).

Stærsta serbneska grimmdarverkið var framið í Srebrenica árið 1995 þar sem fjöldamorð voru framin þar sem talið er að yfir 7.000 karlmenn af herafli Serba í Bosníu undir hershöfðingja Ratko Mladić hafi fallið (Smith 2017). Þó að vissulega hafi eitt af stærstu grimmdarverkunum farið fram á þessu svæði hafa aldrei fundist bein sönnunargögn að skipuleg fjöldamorð. Alþjóðleg nefnd Rauða krossins tilkynnti að bæði Serbar, Króatar og múslimar hafi rekið fangelsisbúðir (e. detention camps) og verða ríkin að deila sökinni saman (Hudson 2003, 117).

Bandaríkin voru dugleg að styðja ríkisstjórn Izetbegovics. Í byrjun ágúst 1993 reyndu Bandaríkin að fá samþykki NATO fyrir loftárásum en stuðningurinn fyrir því var bundinn við samþykki Sameinuðu þjóðanna sem var hafnað. Inngrip Bandaríkjanna í byrjun ársins 1994 leiddi til þess að betri samskipti á milli Króata og múslima náðust. Í mars árið 1994

var gerður Washington-samningur (e. Washington Agreement), sem leiddi til sambandsríkis múslima og Króata (bandalag) gegn Serbum, sem voru á þessu tíma vel vopnaðir. Á þessum tíma höfðu Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar komið með aðra tillögu fyrir skiptingu á Bosníu. Þau buðu 51% landsins til Króata og múslima og 49% fyrir Serba í Bosníu, sem var hafnað af Serbum í Bosníu (Hudson 2003, 118). Segja má að öllum friðartillögum hafi verið hafnað, aðallega af Serbum, vegna þess að þeir stjórnuðu nær af 70% af landsvæðinu árið 1994 (Lampe 2018).

Þann 1. maí árið 1995 fór króatíski herinn yfir vopnahléssvæði Sameinuðu þjóðanna og réðust á samfélag Serba í Vestur-Slavoníu sem leiddi til fólksflóttu Serba í kjölfarið. Þann 4. ágúst sama ár í aðgerðinni Stormur (e. Operation Storm) réðust króatískar hersveitir inn í Knin, sem var höfuðborgin í Krajina, og hertóku hana innan nokkurra daga. Þetta leiddi til þess að margir misstu lífið og 300.000 manns þurftu að flytja á brott frá Bosníu og til Júgóslavíu. Í júlí tóku Serbar í Bosníu öryggisskjól Sameinuðu þjóðanna (e. safe Havens) í Srebrenica og Zepa (Hudson 2003, 120). Það leiddi til þess að frekari sprengjuárásir NATO voru gerðar en núna með samþykki Frakklands og Bretlands. Rússland var á móti því en sjónarmið þeirra var hunsað. NATO gaf út viðvörðun til Serba, þ.e. að ef þeir ætluðu að taka Gorazde eða önnur öryggisskjól Sameinuðu þjóðirnar, myndu þeir fá loftárásir sem svar. Serbneskar hersveitir voru sakaðar að hafa varpað sprengju í Sarajevo sem leiddi til þess að í tvo daga voru öflugar sprengjur notaðar gegn Serbum, frá og með 30. ágúst. Árásirnar voru tímabundið stöðvaðar 1. september, en byrjuðu síðan aftur 5. september þrátt fyrir mikil mótmæli Rússlands. Þann 16. september, eftir meira en viku af miklum sprengjuárásum, Serbar í Bosníu byrjuðu að fara eftir fyrirmælum Sameinuðum þjóðanna og fjarlægðu vopnin frá Sarajevo. Samtímis hófu króatískar og múslimskar sveitir árásir á svæðum þar sem Serbar bjuggu (Hudson 2003, 120-121). Þessar árásir héltu áfram í nokkrar vikur þangað til kallað var til friðarviðræðna í Dayton, Ohio 1. nóvember árið 1995. Helstu leiðtogar í umræðunum voru Tudjman, Milosevic og Izetbegovic. Milosevic var bæði fulltrúi Júgóslavíu og Serba í Bosníu, þar sem Karadzic og Mladic voru ákærðir fyrir stríðsglæpi. Þann 21. nóvember var samningurinn gerður, sem viðurkenndi Bosníu-Hersegóvínu sem sjálfstætt ríki sem samanstæði af tveimur einingum (e. entities), sambandsríki múslima-Króata sem hlaut 51% af landsvæði

og lýðveldi Bosníu-Serba sem hlaut 49% af landsvæði. Skrifað var samkomulagið í París 14. desember árið 1995 (Glenny 2000, 651-552).

5.4 Kósóvó

Þegar þjóðernisleg átök eru skoðuð liggja rætur oftast hundruði ára aftur í tímann. Sama má segja þegar kemur að Kósóvó, en rætur í þessu núverandi ástandi verður að skoða út frá skilningi um þjóðernishyggju sem var ríkjandi frá árinu 1970 til 1980. Þótt að Albanar í Kósóvó hafi á seinni tíma verið í meirihluta, þá hefur það verið merki um þjóðernisinnblástur bæði fyrir Serba og Albana (Independent international commission on Kosovo 2000, 33-34). Kósóvó hefur mismunandi þýðingu eftir því hvort verið er að vísa til Serba eða Albana. Serbar líta á Kósóvó sem forn-serbneskt landsvæði, eða sem sumir vilja kalla serbneskt heilagt ríki (e. Holy Land), þar sem eru um 1.300 klaustur (e. monastries) og kirkjur sem eru mikilvægar fyrir serbneska sögu og menningu. Hins vegar líta Albanar í dag einnig á Kósóvó sem forn-albanskt landsvæði og þessi hugmyndafræði hefur sínar rætur til goðsagnar (e. myth) af fornum Illýrum (Bataković 2007, 9-11).

Í gegnum tíðina hefur verið aðalspurning hvaða þjóðernishópar hafa fyrstir sest að á landsvæði sem við köllum Kósóvó í dag. Hverjir voru fyrstir á þessum hluta landsvæðis hefur verið aðalbaráttuefni Serba og Albana um réttarstöðu Kósóvó (Vickers 1998).

Eftir átökin í Króatíu og Bosníu-Hersegóvínu var komið að Kósóvó. Þó þar hafi alltaf verið viss átök var öll áherslan eftir 1990 á Króatíu og Bosníu-Hersegóvínu.

Ibrahim Rugova lýsti yfir sjálfstæði Kósóvó árið 1990, þó að engin önnur ríki hafi viðurkennt það. Frá árinu 1992 hélt héraðið sína kosningu og valdi Ibrahim Rugova sem forseta, sem var ekki viðurkennt af ríkisstjórn Serbíu (Hudson 2003, 125).

Eftir stríðið í Bosníu-Hersegóvínu voru Bandaríkin og Sameinuðu þjóðirnar farnar að átta sig á að stríð gæti sprottið út í héraðinu. Albanar í Kósóvó höfðu stofnað frelsisher Kósóvó, *KLA*, og frá árinu 1996 voru þeir byrjaðir að gera árás á Serba, sem þeir hafa lýst sig ábyrga fyrir. Það gerði að verkum að ríkisstjórn Júgóslavíu þurfti að senda herafli á móti (Glenny 2000, 653-654).

Dregin var upp mynd af *KLA* sem klassískum uppreisnarmönnum á Balkanskaga, sem voru að berjast gegn serbneskri kúgun. Frá árinu 1996 og alveg til 1998 var *KLA* ábyrgur fyrir fjölda morða á óbreyttum borgurum og lögreglunni innan Kósóvó, sem ógnaði

Serbum og öðrum minnihlutahópum í héraðinu. Fórnarlömbin voru ekki aðeins Serbar heldur einnig Albanar sem studdu ekki *KLA* eða voru í sósíalístaflöknum (Hudson 2003, 126).

Júgóslavneska ríkisstjórnin skilgreindi *KLA* sem hryðjuverkasamtök sem voru studd af Vesturríkjum. Eftir árás *KLA* á óbreytta borgara og lögreglu fór serbneska lögreglan að bregðast við. Ríkisstjórn Júgóslavíu ákvað að senda herafra sumarið 1998. Bandaríska ríkisstjórnin hótaði að varpa sprengjum á Júgóslavíu ef ríkið fjarlægði ekki herafli sinn úr héraðinu (Hudson 2003, 126). Ásakanir um fjöldamorð Serba á Albönunum í Racak áttu þátt í ákvörðun Bandaríkjanna að hefja sprengjuárásir á Júgóslavíu (Hudson 2003, 127).

Átök sem áttu sér stað í Kósóvó ógnuðu líka Makedóníu. Staðan var þannig að áætlun *KLA* hafi verið að Kósóvó fengi sjálfstæði, sem þýddi að ef Kósóvó væri veitt fullveldi myndi það auka líkurnar á að Albanar, sem einnig bjuggu á svæðum í Makedóníu, myndu sameinast til að leggja niður línurnar um Stóru-Albaníu (Glenny 2000, 656).

NATO hóf sprengjuárásir á Júgóslavíu frá 24. mars til 10. júní árið 1999. Á þessu tímabili gerði NATO um 37.000 sprengjuárásir (Hudson 2003, 131). NATO var harðlega gagnrýnt fyrir þessar loftárásir þar sem bandalagið hafði ekki samþykki Sameinuðu þjóðanna (Glenny 2000, 165). Eftir loftárásinar var Kósóvó undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna meðan það var ennþá formlega undir júgóslavnesku fullveldi (Hudson 2003, 135).

5.5 Staðan eftir uppbrot Júgóslavíu

Sambandsríkin tvö sem eftir stóðu, Serbía og Svartfjallaland, stofnuðu Sambandslýðveldi Júgóslavíu árið 1992. Árið 2003 var nafninu breytt í Lýðveldi Serbíu og Svartfjallaland (Hudson 2003, 151). Árið 2006 var ákveðið að leysa þetta ríki upp og árið 2008 gerist það að Kósóvó lýsti yfir sjálfstæði. Kósóvó í dag er að hluta til viðurkennt ríki, þó að Serbía viðurkenni það ekki (World Population Review 2016). Ennþá ríkir mikill ágreiningur á milli þjóðernishópanna og er spurning hvernig og hvort ágreiningurinn verður einhvern tímann leystur.

5.6 Samantekt

Í þessum kafla var farið yfir uppbroti á Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu undir lok tuttugustu aldar eftir dauða Josip Broz Títos. Mikil átök fylgdu á milli hópa eftir frjálsar kosningar sem voru haldnar eftir falls kommúnismans árið 1991, þar sem ríkin lýstu yfir sjálfstæði. Serbar voru á móti því og vildu halda ríkinu saman, sem leiddi til Júgóslavíustríðs og uppbrots ríkisins. Í kjölfarið mynduðust mörg ný ríki.

Í næsta kafla verður farið yfir söguna með tilliti til kenninga og hugmyndafræði sem hefur verið fjallað um í öðrum kafla.

6 Niðurstöður og lokaorð

Í þessum kafla verður efni dregið saman og skoðað, bæði í fræðilegu ljósi og með tilliti til kenninga. Markmið þessarar ritgerðar var að skoða myndun og sundrun Júgóslavíu með hugmyndir um þjóð, þjóðerni, ríki, þjóðríki og þjóðernishyggju/stefnu að leiðarljósi. Í því skyni það var farið yfir helstu kenningar og stefnur um þjóðernishugtakið og sögu Júgóslavíu.

Á 19. og 20. öld hafði þjóðernishyggja/stefna gífurleg áhrif bæði í N-Evrópu og N-Ameríku, þar sem mörg ný ríki voru að myndast. Hugmyndin var sú að nú ætti hver þjóð að stjórna sér sjálf í sínu fullvalda ríki, en ekki eins og áður fyrr að vera á valdi annarra.

Skiptar skoðanir hafa verið á milli fræðimanna um þjóðernishugtakið í gegnum tíðina og hafa sumir viljað halda því fram að það sé tilbúningur en aðrir að „þjóðir“ hafi verið alltaf til. Ernest Renan var á meðal þeirra fyrstu til að fjalla um þjóðernishugtakið en hann taldi að samkennd hópsins væri mikilvæg. Samkvæmt honum voru það sameiginlegar minningar sem mynduðu þjóðina og vilja einstaklinganna, sem sagt einstaklingar sjálfir kjósa að tilheyra ákveðinni þjóð. Hann taldi þetta vera ástæðuna fyrir því að menn stæðu saman í nútímanum og að hver þjóð greindi sig í sundur frá annarri. Það þarf að vera innra samþykki milli einstaklinganna um að þeir vilji mynda eina heild, eða þjóð. Þegar kom að myndun suður-slavnesks ríkis, sáu Suður-Slavar að núna væri tækifæri til að mynda suður-slavnest ríki með því að sameina alla Suður-Slava saman. Þessir Suður-Slavar sem komu á Balkanskaga á 7. öld fóru samt sem áður mismunandi leiðir eins og kom fram í ritgerðinni. Þó rétt sé að þeir hafi komið frá nánum ættflokkum þá hafa þeir verið nokkuð frábrugðnir hverjir öðrum innbyrðis frá byrjun. Þar sem þeir hafa verið lengi undir heimsveldi annarra, undir sterkum áhrifum frá bæði búlgörsku veldi, austrómverska ríkinu og Tyrkjaveldi. Það leiddi af sér að þeir þróuðu öðruvísi trú, menningu og þjóðarsögu. Sem dæmi þá höfðu Serbar og Svartfellingar tilhneigingu til að vera rétttrúaðir og voru undir áhrifum rétttrúnaðarkirkjunnar, Króatar og Slóvenar voru undir sterkum áhrifum frá katólsku kirkjunni, en Slavar sem bjuggu á svæði þar sem Bosnía-Hersegóvína er í dag breyttu margir um trú og skiptu til íslams.

Í byrjun var samkennd milli Suður-Slava og vilji til að stofna sitt eigið ríki, og losa sig undan heimsveldi annarra, en þar sem Serbía var orðið þjóðríki þegar Júgóslavía var

stofnuð árið 1918, var hún í forystuhlutverki í þessu nýja ríki. Strax í upphafi var mikil ágreiningur á milli Serba og annarra þjóðernishópa, sérstaklega Króata og, aðallega snérust ágreiningurinn um hvort það ætti að vera ríki undir einni stjórn og þá forysta Serbíu, eða hvort það ætti að vera sambandsríki. Það leiddi strax í byrjun til þess að þjóðernissinnaðar hugmyndir fóru vaxandi hjá öllum þjóðernishópunum í ríkinu og greinilegt var að það var ekki samkennd í ríkinu, né litu Suður-Slavar á sig sem eina heild eða þjóð.

Samkvæmt heimspeki Johann Gottfried Herders, eins af fræðimönnunum sem fjallaði um frumhyggju (e. primordialism) og út frá áhrifum kenninga hans, kom sú hugmynd fram á fyrri hluta 19. aldar að rétt væri að skipta fólki í eigin fullvalda þjóðríki eftir tungumálum, siðum og menningarlegum sérkennum. Samkvæmt honum átti sérhver þjóð sérstakar hefðir, sem hefðu mótast af langri sögu þjóðarinnar, og þess vegna fannst honum eðlilegt að hver þjóð stjórnaði sér sjálf. Talið er að Serbar, Króatar og múslimar, sem töldu yfir 80% þjóðarinnar í Júgóslavíu, hafi talað eitt tungumál, serbó-króatísku eða krótísku-serbnesku. Það sem helst aðgreindi þessar suður-slavnesku þjóðir hverja frá annarri voru trúarbrögð. Þessi skipting í hópa eftir trúarbrögðum var þó ekki alltaf svona skýr, þar sem það hafa verið til serbneskir kaþólikkar, en einnig einhverjir rétttrúaðir Króatar í upphafi aldarinnar. Síðan voru einnig múslimar sem hafa skilgreint sig sem Serba eða Króata. Að auki voru líka þeir sem skilgreindu sig sem Júgóslava en það voru aðallega þeir sem komu úr blönduðum hjónaböndum. Slóvenar og Makedóníumenn tala aftur á móti öðruvísi tungumál, þar sem makedónska er nær búlgörsku heldur en serbó-króatísku. Hin tvö helstu tungumálin voru ungverska, sem u.þ.b. fjórðungur milljónir manna talaði, aðallega í Vojvodinu, og albanska, sem var töluð af tveimur milljónum manna í Kósóvó (Denitch 1996, 28-30).

Erfitt er að fullyrða að stofnun á suður-slavnesku ríki hefði gengið upp ef tungumál þjóðanna hefðu verið tekin til greina þegar kom að stofnun ríkisins. Ljóst var að um 80% íbúa töluðu nánast sama tungumálið en ekki virtist það nóg til að Suður-Slavar héldu sig saman, þar sem trúarbrögð, siðir og misjafn menningarlegur bakgrunnur virtist einnig vera mikilvægur þáttur til sameiningar. Eins og Johann Gottfried Herder nefndi var ekki æskilegt að setja mismunandi þjóðir og kynþætti saman undir sama ríki. Hann taldi það

vera „brothætta vél“ þar sem skorti samkennt í ýmsum hlutum, sem sýndi sig þegar Júgóslavía er skoðuð.

Segja má að stofnun á Júgóslavíu sem suður-slavnesks ríkis hafi mistekist vegna þess að íbúarnir náðu ekki að samþykkja sameiginlegt auðkenni (e. identity) sem ríkisborgarar þess ríkis, sem meðlimir sameinaðs pólitísku kerfis sem samsett var af hópum sem hafa öðruvísi trú, siði, þjóðerni, tungumál eða sögulega reynslu. Sem dæmi má nefna að þegar Júgóslavía var stofnuð árið 1918 voru engin þjóðerni skráð í manntali, þó að nafnið Konungsríki Serba, Króata og Slóvena gæfi til kynna að um fjölþjóðlegt ríki væri að ræða. Eftir seinni heimsstyrjöldina var aftur á móti byrjað að skrá þjóðerni í manntal en samt sem áður var enginn flokkur þar sem fólk skilgreindi sig sem Júgóslava. Það var fyrst innifalið í manntalinu eftir stríðið árið 1961. Opinberlega var þessi flokkur frátekinn fyrir þjóðernislega óákveðna einstaklinga, fyrir þá sem bauðst ekki sérstakt þjóðernisauðkenni, eða sem komu úr blönduðum hjónaböndum. Til ársins 1961 voru fleiri sem skilgreindu sig sem Júgóslava vegna þess að múslimar höfnuðu því að skilgreina sig með ríkjandi þjóðernishópum, sem sagt annað hvort sem Serba eða Króata. Hins vegar leyfði manntalið árið 1971 fólki í fyrsta sinn að skilgreina sig sem múslima að þjóðerni, og það leiddi til þess að margir þeir sem skilgreindu sig sem Júgóslava fóru að skilgreina sig sem múslima (Sekulic o.fl.1994, 84).

Samkvæmt módernisma er því hafnað að þjóðerni sé gamalt fyrirbæri. Þeir vilja halda því fram að um sé að ræða hugmyndafræði sem hefur verið sett fram til að móta einstaklinga í ákveðnu samfélagi sem þar sem þeir búa. Þeir hafa viljað sýna fram á að svokölluð „áróðurssagnfræði“ hafi einkennt málflutning þjóðernissinna og sem stjórnvöld noti gjarnan til að þjóna pólitískum hagsmunum. Ef við skoðum stofnun og sundrun Júgóslavíu út frá þessu sjónarmiði kemur í ljós að það var einhver hugmyndafræði á bakvið stofnun þess; að sameina alla Suður-Slava undir eitt ríki, þar sem þeir komu úr sömu ættflokkum, og til að losa sig undan stjórn annarra. Margir einstaklingar í þessu ríki litu á hvern annan sem sína systur eða bræður og ekki var mikil tilhneiging til mismunar fyrr en stjórnmalaleiðtogar byrjuðu að vekja þjóðernissinnaðar hugmyndir hjá fólkinu og tala um að í raun og veru væri mismunur á milli þjóðanna. Það var þá sem þjóðirnar fóru að sjá mun og líta á hverja aðra sem óvini.

Þegar Tito tók við völdum árið 1945 reyndi hann að byggja upp sameinað þjóðríki, þar sem hann hafnaði ekki þjóðerni annarra, heldur leyfði hann öllum þjóðernishópunum að hafa svigrúm til að hafa sjálfstjórnasvæði með því að skipta ríkinu í sex sambandslýðveldi, auk tveggja sjálfstjórnarhéraða. Þjóðernishyggja fór þó engu að síður vaxandi innan ríkisins sem reynt var að bregðast við með því að auka sjálfstjórn og ýmsum aðgerðum til að viðhalda trúnni á sameiginlegt ríki Suður-Slava. Við fráfalls Tito reyndist það þó mjög erfitt og þjóðernishyggja fór mjög vaxandi meðal ólíkra þjóða Júgóslavíu.

Helsu þjóðernissinnuðu leiðtogarnir voru Slobodan Milosevic í Serbíu, Franjo Tudjman í Króatíu og Alija Izetbegovic í Bosníu-Hersegóvínu. Allir spiluðu þeir svipaðan leik með því að vekja þjóðernisinnar hugmyndir hjá almenningi, sem leiddi til þess að þjóðernishóparnir fóru að horfa á hvern annan sem óvin, þrátt fyrir að hafa lifað saman í friði og ást árum saman. Þetta leiddi til þess að erfitt var að halda ríkinu saman og fór hver þjóð að óska eftir sínu eigin fullvalda þjóðríki. Talið var að hver þjóð hafði það betur ef það hafði sitt eigið þjóðríki. Serbía, sem var stærsta þjóðfélagið í Sósíalíska sambandslýðveldinu Júgóslavíu, var mest á móti því, aðallega vegna þess að stór hluti Serba bjó á svæðum sem vildu sjálfstæði úr sambandslýðveldinu og erfitt var að sættast á að missa svæði sem lengi hafði heyrt undir serbneska ríkið. Erfitt er að segja til um og fullyrða hvaða þjóð á helst sök á sundrun og átökum um landsvæðið, en í gegnum tíðina hefur sökin verið sett á hendur Serba. Aðallega á stjórnarmál og stefnu Slobodan Milosevics, sem var þáverandi forseti sambandslýðveldisins og síðan Serbíu og Svartfjallalands og var undir sterkri serbneskri þjóðernishyggju. Hann er talinn hafa notað þjóðernishyggju til að sameina alla Serba og hræða aðra íbúa í sambandslýðveldinu.

Það má segja að helsta vandamálið var að það var tekist á um skiptingu pólitískra valda og um efnahagsleg gæði. Þjóðirnar, eða það mætti frekar segja leiðtogar mismunandi þjóða voru ekki sammála um hvernig stjórn ríkisins ætti að vera háttað né hvernig landinu var skipt þegar það kom að uppbroti Sósíalíska sambandslýðveldisins Júgóslavíu.

Eftir uppbot Júgóslavíu voru stofnuð ný ríki og eru sex þeirra viðurkennd sem fullvalda ríki í dag, auk sjöunda ríkisins Kósóvó sem hefur lýst yfir sjálfstæði og er að hluta til viðurkennt sem fullvalda ríki. Enn þann daginn í dag er mikill ágreiningur á milli

Þjóðernishópanna og er spurning hvenær og hvort sá ágreiningur verður einhvern tímann leystur.

Mögulega má hugsa sér að ef ríkjum og lýðveldunum væri skipt eftir þjóðerni og ef sterkar þjóðernissinnaðar hugmyndir hefðu ekki kveikt eldmóð hjá fólki hefði verið hægt að ganga úr sambandsríkinu á friðsamlegri hátt. En, eins og dæmi sýna, þá spilaði þjóðernishyggja og hugmyndir um eigið þjóðríki stóran þátt í bæði myndun og sundrun Júgóslavíu, og stjórnmalaleiðtogar með eigin hugmyndafræði áttu stóran þátt í því.

Heimildaskrá

Allcock, J. B. (2012). „Yugoslavia: Former Federated Nation [1929–2003]“. *Encyclopedia Britannica*. Sótt 04.04.2017 af <https://www.britannica.com/place/Yugoslavia-former-federated-nation-1929-2003#toc228361>

Atli Harðarson. (2006). „Þjóðernisstefna“ Í *Þekking – Engin blekking. Til heiðurs Arnóri Hannibalssyni*. 1. útg. Ritstjórar Erlendur Jónsson, Guðmundur Heiðar Frímansson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 3-25. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Banac, Ivo. (2016). „Josip Broz Tito: President of Yugoslavia“. *Encyclopedia Britannica*. Sótt 12.04.2017 af <https://www.britannica.com/biography/Josip-Broz-Tito>

Branco, Carlos Manuel Martins. (2009). „The Muslim National Question in Bosnia. An Historical Overview and an Analytical Reappraisal“. *Revista Militar N.º 2488*. Sótt 11.08.2017 af <https://www.revistamilitar.pt/artigopdf/475>

Barrett, Liz David, C.W. Bracewell, John Rampe og Dijana Pleština. (2018). „Croatia“. *Encyclopedia Britannica*. Sótt 13.11.2018 af <https://www.britannica.com/place/Croatia>

Bataković, Dušan T. (2007). „Kosovo and Metohija: Identity, Religions & Ideologies.“ *Kosovo and Metohija: Living in the Enclave*. Ritstjóri Dušan T. Bataković, (bls. 9-82), Institute for Balkan Studies. Serbian Academy of Sciences and Arts

Davíð Logi Sigurðsson. (2001). „Fjötrar þjóðernishyggjunnar og draumurinn um upprisu Títós: Kosovo, gamla Júgóslavía og átökin á Balkanskaga“. *Ný saga*. 13: 68-76. Sótt 12.04.2017 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000513016

Danforth, Loring. (2017). „Macedonia“. *Encyclopedia Britannica*. Sótt 24.08.2017 af <https://www.britannica.com/place/Macedonia>

- Denitch, Bogdan. (1996). *Ethic Nationalism: The Tragic of Death of Yugoslavia*.
Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Einar Olgeirsson. (1980). „Tito látinn“. *Réttur*. 63 (2): 72-83. Sótt 12.04.2017 af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000515288
- Gellner, Ernest. (2006). *Nations and Nationalism*. New York: Cornell University Press
- Glenny, Misha. (2000). *The Balkans 1804-1999: Nationalism, War and the Great Powers*.
London: Granata Books.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2006). *Íslenska stjórnkerfið*.
Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Gunnar Þór Bjarnason. (2014). „Hvað verður nú um Ísland? Íslendingar og
heimsstyrjöldin fyrri 1914-1918“. *Þjóðmál* ; 2014; 10 (3): bls. 18-26
- Guðmundur Hálfðánarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*.
Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Hudson, Kate. (2003). *Breaking the South Slav Dream: The Rise and Fall of Yugoslavia*.
London: Pluto Press
- Hutchinson, John og Anthony D. Smith (ritstj.). (1994). *Nationalism*. Oxford: Oxford
University Press.
- Independent international commission on Kosovo. 2000. *The Kosovo report :conflict,
international response, lessons learned*. Oxford University Press: New York
- Jón Sigurðsson. (2013). *Eigi víkja*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar

- Judah, Tim. (2000). *The Serbs: History, Myth and the Destruction of Yugoslavia*. New Haven and London: Yale University Press.
- Kunitz, Stephen J. (2004). „The Making and Breaking Of Yugoslavia and Its Impact on Health“. *American Journal of Public Health*. 94 (11): 1894-1904
- Lampe, John R. (2018). „Bosnian conflict, European history (1992-1995).“ *Encyclopedia Britannica*. Sótt 10.12.2018 af <https://www.britannica.com/event/Bosnian-conflict>
- Newton, Kenneth og Jan W. van Deth. (2010). *Foundations of comparative politics : democracies of the modern world*. Cambridge: Cambridge University Press
- Nicol, Donald MacGillivray og John L. Teall. (2015). „Byzantine Empire, Historical empire, Eurasi“ . *Encyclopedia Britannica*. Sótt 20.07.2017 af <https://www.britannica.com/place/Byzantine-Empire>
- Ostrogorsky, Georg. (1963). „Byzantium and the South Slavs“ . *The Slavonic and East European Review* 42 (98)
- Sekulic, Dusko, Garth Massey og Randy Hodson. (1994). „Who were the Yugoslavs? Failed sources of a common identity in the former Yugoslavia“ . *American Sociological Review*, Vol. 59, No. 1. pp. 83-97. Sótt 02.04.2017 af DOI: 10.2307/2096134.
- Sotirović, Vladimir. (2014). „The 1917 Corfu Declaration and its Importance for the Creation of the Kingdom of Serbs, Croats and Slovenes in 1918“ . *The South Slav Journal* 33 (1-2): 7-10.

Stefanía Óskarsdóttir. (2011). „Þingræði verður til,“ Í *Þingræði á Íslandi. Samtíð og saga*.
1. útg. Ritstjórar Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Skúli Kjartasson og Þorsteinn
Magnússon, 39-57. Reykjavík: Forlagið

Simonovic, Ivan. (1999). „The Role of the ICTY in the Development of Internal Criminal
Adjudication“. *Fordham International Law Journal*. 23 (2): 440-459

Singleton, Fred. (1985). *A short history of the Yugoslav Peoples*. Cambridge: Cambridge
University Press.

Sigurjón Árni Eyjólfsson. (2014). *Trú, von og þjóð / Sjálfsmynd og staðleysur*. Reykjavík:
Hið íslenska bókmenntafélag

Smith, Jeffrey R. (2017). „Srebrenica massacre, Bosnian history (1995).“ *Encyclopedia
Britannica*. Sótt 10.12.2018 af [https://www.britannica.com/event/Srebrenica-
massacre](https://www.britannica.com/event/Srebrenica-massacre)

Stalin, Joseph. (1994). „The nation,“ Í *Nationalism*. 1. útg. Ritstjórnar Hutchinson, John
og Smith, Anthony, D., 18-21. Oxford: Oxford University Press.

The Editors of Encyclopedia Britannica. (1998). „Ustaša: Croatian Political Movement“.
Encyclopedia Britannica. Sótt 11.04.2017 af
<https://www.britannica.com/topic/Ustasa>

Woodward, Susan L. (1995). *Balkan Tragedy. Chaos and Dissolution after the Cold War*.
Washington, D.C: Brookings Institution

World Population Review. (2016). *Kosovo Population*. Sótt 11.12.2018 af
<http://worldpopulationreview.com/countries/Kósóvó-population/>

Zilnik, Zelimir. (2009). „Yugoslavia:“Down with the Red Bourgeoisie!““ Í 1968 -
Memories and Legacies of a Global Revolt. Ritstjórar Phillip Gassert og Martin
Klimke, 181-187. Washington DC: German Historical Institut

Þóra Margrét Guðmundsdóttir. (1999). „Allir Serbar hafa rétt til að búa í sama ríkinu:
stjórnmalastefna Slobodan Milosevic árin 1989-1992.“
Í Sagnir ; 1999; 20: bls. 68-75